



Til allra sveitarfélaga

Dagsetning 18. janúar 2024
Málsnúmer IRN24010131

Innviðaráðuneytið er með til skoðunar í samvinnu við Samband Íslenskra sveitarfélaga hvort tilefni sé til að leggja til breytingar á lögum þar sem fjallað yrði um gjöld sem sveitarfélög innheimta nú á einkaréttarlegum grundvelli vegna skipulagsmála og lóðaúthlutana, sbr. tillögur starfshóps um aðgerðir og umbætur á húsnæðismarkaði frá 19. maí 2022. Með lagasetningu yrði þá m.a. stefnt að samræmingu og auknu gegnsæi varðandi gjaldtöku vegna innviðaupbyggingar samhliða húsnæðisupbyggingu.

Til að hægt sé að leggja mat á áhrif mögulegra lagabreytinga af þessu tilefni er þörf á upplýsingum um hvernig álagning og innheimta gjalda er háttað hjá hverju sveitarfélagi.

Af því tilefni óskar ráðuneytið vinsamlegast eftir að sveitarfélagið taki saman og sendi ráðuneytinu eftirfarandi upplýsingar og/eða sjónarmið sveitarfélagsins. Óskað er eftir að upplýsingarnar berist fyrir 23. febrúar n.k. í netfangið irn@irn.is.

- Hefur sveitarfélagið innheimt á sl. fimm árum sérstök gjöld á grundvelli einkaréttarlegra samninga vegna þátttöku lóðarhafa í innviðagerð, vegna greiðslu lóðarhafa fyrir byggingarrétt eða önnur sambærileg gjöld, svo sem svokölluð innviðagjöld eða byggingarréttargjöld?
- Hver var upphæð þessara gjalda á árinu 2023 (gjaldskrá), hvernig eru þau ákveðin og á hvaða gjaldstofn eru þau lögð?
- Hefur upphæð gjaldanna verið birt almenningi og þá með hvaða hætti?
- Hver var árleg heildarupphæð þessara gjalda sem sveitarfélagið innheimti á árunum 2018-2023?
- Til hvaða verkefna hafa gjöldin verið nýtt á vegum sveitarfélagsins?
- Hafa gjöldin verið fullnýtt á hverju ári í tengslum við framkvæmdir á opnum svæðum?
- Önnur sjónarmið sem sveitarfélagið vill koma að í tengslum við mögulega frumvarpsvinnu.

Nánari upplýsingar veita starfsmenn ráðuneytisins, Sverrir Geirmundsson, sverrir.geirmundsson@irn.is og Björn Ingi Óskarsson, bjorn.i.oskarsson@irn.is.

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Björn Ingi Óskarsson

Stjórnarráð Íslands

Fullgild rafraen undirskrift

BJÖRN INGI ÓSKARSSON

2024-01-18 09:42:06 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AÐALSTEINN EYÞÓR ÞORSTEINSSON

2024-01-18 09:52:36 GMT

Ástæða: Undirskrift

Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

stjornarradid.is
545 8200



Flóahreppur
Þingborg
801 Selfossi

Reykjavík, 11. janúar 2024
Tilvísun: 2023122021/H.H.

Efni: Ákvarðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace for Education í grunnskólastarfi

Hinn 6. desember 2023 birti Persónuvernd ákvarðanir vegna úttekta á notkun fimm sveitarfélaga á nemendakerfi Google, Google Workspace for Education, í grunnskólastarfi.

Úttektirnar lutu að því hvernig persónuupplýsingar grunnskólanemenda voru unnar í nemendakerfi Google. Leiddu þær í ljós að Google vinnur persónuupplýsingar grunnskólanemenda umfram fyriræli sveitarfélaganna og þótti ekki sýnt fram á að sú vinnsla rúmaðist innan þess tilgangs sem sveitarfélögin höfðu skilgreint fyrir vinnslu persónuupplýsinga í nemendakerfinu. Niðurstaða Persónuverndar var að um væri að ræða margvísleg brot sveitarfélaganna á persónuverndarlöggjöfinni með notkun nemendakerfisins. Ákvarðanirnar eru aðgengilegar á heimasíðu Persónuverndar, www.personuvernd.is/urlausnir.

Persónuvernd telur öll sveitarfélög sem nota Google-nemendakerfið bundin af framangreindum niðurstöðum.

Í ljósi þess að fjöldi grunnskóla notast við Google-nemendakerfið telur Persónuvernd þörf á að vekja athygli allra sveitarfélaga á ákvörðunum.

1. Breytt nálgun varðandi ábyrgð á vinnslu

Persónuvernd hefur í fyrri úrlausnum sínum miðað við að einstakir grunnskólar geti talist vera ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi skólanna. Byggðist sú framkvæmd fyrst og fremst á skilgreiningu og öðrum ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um ábyrgðaraðila.

Sú breyting hefur orðið í framkvæmd Persónuverndar að nú er almennt miðað við að sveitarfélag sé ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram í grunnskólum þess, að því marki sem vinnslan heyrir undir rekstur skólanna, þegar reksturinn er á ábyrgð og kostnað sveitarfélagsins í samræmi við 5. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Eru ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar um ábyrgðaraðila þá túlkuð meira til samræmis við ákvæði grunnskólalaga og horft til þess að sveitarfélög bera almennt lagalega ábyrgð á rekstri og ákvörðunum einstakra grunnskóla, t.d. á grundvelli réttarfarslaga.

Með hliðsjón af framangreindu beinir Persónuvernd því til hvers sveitarfélags að huga að því hvort Google-nemendakerfið er notað af grunnskólum þess, óháð því hvort ákvarðanir um notkun kerfisins hafi verið teknar af hálfu sveitarfélagsins eða tiltekins grunnskóla.



2. Meta þarf hvort þörf er á úrbótum


Í kafla V. 1. í fyrrgreindum ákvörðunum Persónuverndar er farið yfir þau atriði sem Persónuvernd telur sérstaklega áriðandi að huga að til þess að heimilt geti verið fyrir grunnskóla landsins að halda áfram notkun Google-nemendakerfisins.


Beinir Persónuvernd því til sveitarfélaga, sem nota Google-nemendakerfið í grunnskólastarfi, að meta hvort þörf er á að gera viðeigandi úrbætur á vinnslu persónuupplýsinga í kerfinu, til samræmis við fyrrgreindar niðurstöður Persónuverndar.

Jafnframt er vakin athygli á að Persónuvernd gaf út leiðbeiningar í janúar 2022 um innleiðingu upplýsingatæknikerfa til að vinna með persónuupplýsingar barna. Leiðbeiningarnar, sem eru hjálagðar, gilda um innleiðingu hvers konar upplýsingatæknikerfa í grunnskólastarfi og fara yfir helstu atriði sem sveitarfélög þurfa að huga að þegar slík kerfi eru tekin í notkun.

Persónuvernd hefur eftirlit með því að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679 sé fylgt. Gera má ráð fyrir því að Persónuvernd fari síðar meir í handahófskenndar athuganir til að kanna hvort notkun einstaka sveitarfélaga á Google-nemendakerfinu í grunnskólastarfi samrýmist persónuverndarlöggjöfnni.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Harpa Halldórsdóttir

Hjálagt:

Leiðbeiningar um innleiðingu upplýsingatæknikerfa til að vinna með persónuupplýsingar barna

Leiðbeiningar um innleiðingu upplýsingatæknikerfa til að vinna með persónuupplýsingar barna

7.1.2022

Í desember 2021 tók Persónuvernd ákvörðun um notkun Reykjavíkurborgar á Seesaw-nemendakerfinu í grunnskólum borgarinnar. Niðurstaða Persónuverndar byggðist m.a. á því að persónuupplýsingar barna njóta sérstakrar verndar í persónuverndarlöggjöfnni auk þess sem lítið var til þeirrar sérstöku stöðu sem börn eru í gagnvart skólum sínum. Með hliðsjón af niðurstöðum athugunar Persónuverndar í málinu ákvað stofnunin að setja fram almennar leiðbeiningar í lok ákvörðunarinnar um að hverju sveitarfélög þurfa að huga þegar tekin eru í notkun upplýsingatæknikerfi til að vinna með persónuupplýsingar barna. Leiðbeiningunum er beint til sveitarfélaga en eiga einnig við um aðra aðila sem vinna með persónuupplýsingar barna, að breyttum breytanda.

Beindi Persónuvernd því til sveitarfélaga að fara að kröfum persónuverndarlöggjafarinnar og gera m.a. eftirfarandi:

1. Skilgreina í upphafi og skjalfesta tilgang vinnslu persónuupplýsinga, sem þarf að vera skýr og afmarkaður fyrir hverja vinnsluáðgerð, og leggi heildstætt mat á hvort vinnslan er nauðsynleg í þeim tilgangi. Er t.d. nóg að nota upplýsingatæknikerfi með þeim hætti að kennarar geti miðlað kennsluefni til nemenda?
2. Tryggja að persónuverndarfulltrúi komi að málinu tímanlega og með viðeigandi hætti.
3. Ákveða og skjalfesta á hvaða heimild vinnslan byggist.
4. Gera ítarlega vinnsluskrá.
5. Tryggja að það upplýsingatæknikerfi sem verður fyrir valinu vinni ekki annálagögn eða önnur lýsigögn, hvorki nemenda né foreldra þeirra eða forráðamanna, í þágu markaðssetningar eða við gerð persónusniðs, eftir atvikum með sjálfgefnum stillingum.
6. Leitast við að tryggja að persónuupplýsingar séu varðveittar innan Evrópska efnahagssvæðisins og, ef flytja skal persónuupplýsingar út fyrir Evrópska efnahagssvæðið í einhverjum tilvikum, að fylgt sé tilmælum Evrópska persónuverndarráðsins frá 18. júní 2020 nr. 1/2020 um ráðstafanir vegna flutnings persónuupplýsinga úr landi (e. Recommendations on measures that supplement transfer tools to ensure compliance with EU level of protection of personal data), þ. á m. að gerðir séu fullnægjandi samningar um flutninginn sem taka tillit til aðstæðna í því landi sem um ræðir.
7. Framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd, í samráði við persónuverndarfulltrúa, þar sem m.a. eftirfarandi er metið:
 - i. Nauðsyn hverrar vinnsluáðgerðar og þar með hvaða persónuupplýsingar nauðsynlegt sé að vinna með í skilgreindum tilgangi.



- ii. Áhætta af vinnslunni fyrir persónuvernd skráðra einstaklinga, bæði vinnslunni í heild og hverri einstakri vinnsluadgerð. Greina ætti uppruna, eðli, sérkenni og alvarleika áhættunnar. Í því felst ekki eingöngu að greina hvað getur komið upp á heldur hvaða áhrif vinnslan getur haft á hina skráðu þrátt fyrir að ekkert kæmi upp á sem og ef eitthvað kemur upp á.
 - iii. Hvaða ráðstafanir fyrirhugað er að grípa til gegn þeirri áhættu, þ. á m.:
 - a. Hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja innbyggða og sjálfgfna persónuvernd þannig að meginreglum persónuverndarlöggjafarinnar sé ávallt fullnægt.
 - b. Hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi persónuupplýsinga.
 - iv. Tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir vinnsluaðila og/eða sameiginlegs ábyrgðaraðila.
8. Leita, eftir atvikum, eftir álitni nemenda, foreldra og forráðamanna við gerð mats á áhrifum á persónuvernd.
 9. Tryggja raunverulegan andmælarétt vegna vinnslu sem byggist á 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. mgr. 21. gr. laganna og 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar. Í því felst að vera með aðrar raunhæfar lausnir í boði fyrir þá nemendur sem ekki vilja nota tiltekið upplýsingatæknikerfi.
 10. Gera fullnægjandi vinnslusamning við vinnsluaðila og eftir atvikum samkomulag sem lýtur að sameiginlegri ábyrgð.
 11. Veita skráðum einstaklingum (nemendum, foreldrum og forráðamönnum) fræðslu samkvæmt ýrústu kröfum 1. og 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar. Það felur einnig í sér að veita fræðslu í hvert sinn sem t.d. skilmálar vinnsluaðila eða öryggisráðstafanir breytast.
 12. Tryggja ávallt lágmörkun gagna skólabarna í upplýsingatæknikerfum. Það felur í sér að gögnum sé eytt um leið og vistun þeirra er ekki lengur í samræmi við skilgreindan tilgang. Ef ekki er hægt að tryggja eyðingu gagna þá þegar þurfa sveitarfélög að skjalfesta rökin fyrir þörf á lengri vistun, t.d. ef tilefni er til að vista verkefni nemenda til lok annar.
 13. Framkvæma eða láta framkvæma reglulegar úttektir á vinnsluaðila.
 14. Endurskoða mat á áhrifum á persónuvernd reglulega og meta hvort unnið er í samræmi við það og hvort tilefni er til að framkvæma nýtt mat, t.d. ef breyting verður á þeirri áhættu sem fylgir einstökum vinnsluadgerðum eða á upplýsingaöryggi hjá vinnsluaðila.



Dagsetning 15. janúar 2024
Málsnúmer MRN23120171

Skóla- og velferðarþj Árnes bs.
f.h. Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og
Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og
Gnúpverjahrepps,
Launrétt 6
806 Selfossi

Undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu skv. 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

Vísað er til umsóknar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., f.h. Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, og hefur það hlutverk að veita barnaverndarþjónustu, dags. 13. desember 2023, um undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Í 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga er að finna meginregluna um að í umdæmi hværrar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Þó er skv. 3. mgr. 11. gr. laganna heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna tiltekinnna ástæðna, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um næga fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu og að fyrir liggji samningur um umdæmisráð barnaverndar.

Með bréfi, dags. 24. mars 2023, var sveitarfélögunum veitt undanþága á grundvelli 3. mgr. 11. gr. til 15. janúar 2024. Tekið var fram að ef sveitarfélög hygðust sækja um undanþágu að nýju skyldu, auk uppfærðra upplýsinga um næga fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu, fylgja umsókn upplýsingar um formlegar umleitanir sveitarfélaganna til að ná samstarfi um barnaverndarþjónustu á svæði sem telur 6.000 íbúa.

Með umsókn bárust upplýsingar um hvernig skilyrði um fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu eru uppfyllt. Þá kemur fram í umsókn að sveitarfélögin hafi átt í viðræðum við bæði Árborg og Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu um möguleika á stærra umdæmi barnaverndarþjónustu, en þau hafi bæði í desembermánuði svarað á þá leið að ekki væri hægt að fara í samstarf að svo stöddu. Að mati ráðuneytisins eru skilyrði 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga til að fá undanþágu frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu uppfyllt. Í ljósi þess hefur ráðuneytið ákveðið að veita sveitarfélögunum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. undanþágu til 15. janúar 2025.

Rétt er að upplýsa um að á næsta ári mun ráðuneytið gera ríkari kröfur til þess að sveitarfélög sýni fram á að þau hafi leitað eftir samstarfi um barnaverndarþjónustu í stærra umdæmum. Því verður gerð krafa um að með umsókn fylgi upplýsingar og gögn um formlegar umleitanir sveitarféлага til að ná samvinnu um barnaverndarþjónustu í stærra umdæmum en sem telur 6.000 íbúa, með rökstuðningi um ástæður þess að samvinna tókst ekki, auk uppfærðra upplýsinga um næga fagþekkingu innan barnaverndarþjónustu. Ef sveitarfélögin hafa í hyggju að sækja um endurnýjaða undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu óskar ráðuneytið eftir því að umsóknir um slíkt berist fyrir 15. desember 2024.


Sveitarfélögunum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. er veitt undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu til 15. janúar 2025.

F.h. ráðherra

Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra

Áslaug Magnúsdóttir



Minnisblað

Móttakandi: Umhverfis- Orku- og
loftslagsráðuneyti,
Matvælaráðuneyti,
Innviðaráðuneyti

Dags.: 4. júlí 2023

Sendandi: Samband Íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2305036SA
Málalykill: 08.22

Efni: Ábyrgð á ráðstöfun aukaafurða dýra (dýraleifa)

I. Inngangur:

Minnisblað þetta er ritað vegna umræðu um söfnun, flutning og ráðstöfun dýraleifa á Íslandi. Fyrir liggur að kveðinn hefur verið upp úrskurður af hálfu EFTA-dómstólsins gagnvart Íslandi um að Ísland hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar skv. innleiddu EEA-regluverki sem fjallar um aukaafurðir dýra. Í kjölfar þess að niðurstaða EFTA-dómstólsins barst hefur verið umræða í íslensku samfélaginu um á hverjum ábyrgð á söfnun, flutningi og ráðstöfun dýrahraja hvílir, en fyrir liggur að sú starfsemi er ekki í samræmi við gildandi lagaákvæði og farvegir í raun ekki til staðar fyrir þennan úrgang nema að mjög takmörkuðu leyti. Nánar tiltekið segir EFTA dómstóllinn að brot íslenska Ríkisins felist í því að koma ekki í veg fyrir að:

1. Að dýrahrae, aukaafurðir dýra í áhættuflokki 3 sem falla til við slátrun og aukaafurðir dýra sem falla til við heimaslátrun séu urðuð á urðunarstöðum með starfsleyfi án fyrri meðhöndlunar.
2. Að dýrahrae og aukaafurðir dýra sem falla til við heimaslátrun (þ.m.t. aukaafurðir dýra í áhættuflokki 1) séu urðuð utan urðunarstaða með starfsleyfi (heima á bæ t.d.) án þess að til staðar séu skilyrði 19. og 20. gr. reglugerðar ESB nr. 1069/2009.

Taka ber fram að málið hefur verið til umfjöllunar hjá eftirlitsstofnun EFTA síðastliðin 10 ár og því ætti niðurstaða dómstólsins ekki að koma stjórnvöldum á óvart. Í kjölfar niðurstöðunnar er grundvallaratriði að meta hvaða aðilar bera ábyrgð á einstökum þáttum er tengjast meðhöndlun dýrahraja. Nánar tiltekið er minnisblaði þessu ætlað að svara eftirtöldum þremur álitamálum:

1. Hvaða aðili ber ábyrgð á sérstakri söfnun og flutningi aukaafurða dýra (dýrahraja) til frekari meðhöndlunar?
 - a. Er sveitarfélögum heimilt að standa að sérstakri söfnun dýrahraja?
2. Hvaða aðili ber ábyrgð á að til staðar sé ráðstöfunarleið fyrir dýrahrae?
3. Gilda önnur sjónarmið um sóttmengaðan úrgang, s.s. við riðusmit?

II. Lagaumhverfi

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003

■ 2. gr. Gildissvið.

Lögín taka enn fremur ekki til eftirfarandi atriða að því marki sem þau falla undir aðra löggjöf hér á landi:

b. aukaafurða úr dýrum að undanteknum þeim sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í líffgas- eða myltingarstöð,

c. hræja af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim,

■ 3. gr. Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

[Heimilisúrgangur: úrgangur sem flokkast sem:

i. blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. pappír og pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, timbur, textíll, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn,

ii. blandaður úrgangur af öðrum uppruna og úrgangur af öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað og er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum,

iii. en þó ekki úrgangur frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyra, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgangur.]¹⁾

Rekstrarúrgangur: [úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur].³⁾

■ [8. gr. Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. [Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu.]¹⁾ Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993

II. kafli. Orðskýringar.

■ 4. gr.

Aukaafurðir úr dýrum: Heil hræ, skrokkar, skrokklutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis.

■ 13. gr.

Aukaafurðir dýra, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, skal meðhöndla, geyma, flytja, vinna eða eyða á þann hátt að ekki valdi hættu á útbreiðslu smitefna eða annarra

skaðlegra efna. Þeir sem meðhöndla, geyma, flytja eða vinna aukaafurðir dýra sem ekki teljast til úrgangs skulu sækja um leyfi Matvælastofnunar áður en starfsemin hefst. Ef aukaafurðir dýra teljast til úrgangs gilda um starfsemina ákvæði laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

■ 17. gr.

□ Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar búfjár sem ákveðin er til varnar [alvarlegum tilkynningarskyldum sjúkdómum sem taldir eru upp í reglugerð ráðherra skv. 2. mgr. 7. gr.], ¹⁾ svo og efniskostnað vegna nauðsynlegrar hreinsunar og sótthreinsunar, einnig kostnað vegna aflífunar, eyðingar hræja og notkunar tækja sem þarf til fyrrgreindra verka. Ríkissjóður greiðir kostnað vegna einangrunar og gæslu svæða, enda sé einangrunin fyrirskipuð af [ráðherra]. ²⁾ Eigendum búfjár er skylt að leggja fram endurgjaldslaust alla ófaglega vinnu og aðstoð við hreinsun, sótthreinsun og aflífun dýra.

¹⁾L. 4/2014, 4. gr. ²⁾L. 126/2011, 172. gr.

Tilskipun ESB 2008/98/EC um úrgang með síðari breytingum

Article 2

Exclusions from the scope

- (b) animal by-products including processed products covered by Regulation (EC) No 1774/2002, except those which are destined for incineration, landfilling or use in a biogas or composting plant;
- (c) carcasses of animals that have died other than by being slaughtered, including animals killed to eradicate epizootic diseases, and that are disposed of in accordance with Regulation (EC) No 1774/2002;

Reglugerð ESB 1069/2009 – heilbrigðisreglur varðandi aukaafurðir dýra / afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis

Article 4

- 3. Member States shall monitor and verify that the relevant requirements of this Regulation are fulfilled by operators along the entire chain of animal by-products and derived products as referred to in paragraph 2. For that purpose, they shall maintain a system of official controls in accordance with relevant Community legislation.
- 4. Member States shall ensure that an adequate system is in place on their territory ensuring that animal by-products are: (a) collected, identified and transported without undue delay; and (b) treated, used or disposed of in accordance with this Regulation

Article 2

Scope

- 1. This Regulation shall apply to:

- (a) animal by-products and derived products which are excluded from human consumption under Community legislation; and
 - (b) the following products which pursuant to a decision by an operator, which shall be irreversible, are destined for purposes other than human consumption:
 - (i) products of animal origin which may be destined for human consumption under Community legislation;
 - (ii) raw materials for the production of products of animal origin.
2. This Regulation shall not apply to the following animal by-products:
- (a) entire bodies or parts of wild animals, other than wild game, which are not suspected of being infected or affected with a disease communicable to humans or animals, except for aquatic animals landed for commercial purposes;
 - (b) entire bodies or parts of wild game which are not collected after killing, in accordance with good hunting practice, without prejudice to Regulation (EC) No 853/2004;
 - (c) animal by-products from wild game and from wild game meat referred to in Article 1(3)(e) of Regulation (EC) No 853/2004;

Article 3

Definitions

For the purposes of this Regulation, the following definitions shall apply:

1. 'animal by-products' means entire bodies or parts of animals, products of animal origin or other products obtained from animals, which are not intended for human consumption, including oocytes, embryos and semen;
2. 'derived products' means products obtained from one or more treatments, transformations or steps of processing of animal by-products;
3. 'products of animal origin' means products of animal origin as defined in point 8.1 of Annex I to Regulation (EC) No 853/2004;
10. 'competent authority' means the central authority of a Member State competent to ensure compliance with the requirements of this Regulation or any authority to which that competence has been delegated; it also includes, where appropriate, the corresponding authority of a third country;
11. 'operator' means the natural or legal persons having an animal by-product or derived product under their actual control, including carriers, traders and users;
12. 'user' means the natural or legal persons using animal by-products and derived

products for special feeding purposes, for research or for other specific purposes;

III. Umræða

III.1 Flutningur dýrahæja

Í 8. gr. laga um meðhöndlun úrgangs kemur fram að sveitarstjórn ákveði fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Þá kemur fram að sveitarstjórn beri ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs. Ekki er fjallað um skyldur sveitarstjórna til flutnings á öðrum tegundum úrgangs.

Í 3. gr. laganna er að finna skilgreiningar á heimilisúrgangi. Þar kemur fram að úrgangur frá framleiðslu og landbúnaði flokkist ekki sem heimilisúrgangur. Af því má draga að ekki sé til staðar skylda hjá sveitarfélögum til þess að flytja dýrahæ.

Sveitarfélög hafa hins vegar þær skyldur að ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi og geta í samþykktum sínum lagt ákveðnar skyldur á rekstraraðila, þ.m.t. bændur til þess að fara með þennan úrgang á ákveðinn hátt s.s. að hann sé meðhöndlaður í samræmi við lög og reglur. Vísa þarf þó til umfjöllunar í kafla III.2 um það hvort sveitarfélag beri yfir höfuð ábyrgð á ráðstöfun dýrahæja eða annarra aukaafurða. Þó sum sveitarfélög hafi sjálf ákveðið að sinna flutningi dýrahæja gegn gjaldi er slík þjónusta umfram skyldu og geta sveitarfélög hætt að sinna þeirri þjónustu við einfalda ákvörðun þeirra, eins og á við um önnur ólögbundin verkefni sveitarfélaga. Ef sveitarfélag á annað borð ákveður að sinna slíkri þjónustu myndast þó fremur skylda til þess að dýrahæjum sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur gagnvart viðkomandi sveitarfélagi.

III.2 Ráðstöfun dýrahæja

Í kafla III.1 hér að ofan er fjallað um skyldur sveitarfélaga hvað varðar flutning úrgangs, þar sem eingöngu er til staðar skylda til ábyrgðar á flutningi heimilisúrgangs. Í ákvæðinu kemur hins vegar skýrlega fram í 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. að sveitarstjórn skuli sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu. Af þeim sökum er nauðsynlegt að meta hvort dýrahæ séu úrgangur í skilningi laganna eða hvort mögulegt sé að þessi tegund úrgangs geti verið undanskilin gildissviði laganna. Í 2. gr. laganna er fjallað um gildissvið laganna. Í 3. mgr. 2. gr. kemur fram að lögín taki ekki til eftirfarandi atriða að því marki sem þau falla undir aðra löggjöf hér á landi. Í b-lið ákvæðisins kemur fram að lögín taki ekki til aukaafurða úr dýrum að undanteknum þeim sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í líffgas- eða myltingarstöð. Þá kemur fram í c-lið ákvæðisins að lögín taki ekki til hræja af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun. Lögín gilda því um þessar aukaafurðir, nema það sé fjallað um þær í öðrum lagabálkum sem settir hafa verið á Íslandi.

Ef litið er til orðskýringar á b-lið ákvæðisins má af honum leiða að aukaafurðir úr dýrum eiga eingöngu undir lögín nema þau „eigi“ að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í líffgas- eða myltingarstöð. Slíkar aukaafurðir eru því ekki endilega skilgreindar sem úrgangur enda má nýta þær í hráefni s.s. kjötmjöl og ýmsar aðrar afurðir. Jafnframt má hér líta til laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Í 2. gr. a er að finna skilgreiningu á aukaafurðum úr dýrum þar sem fram kemur að þær séu heil hræ, skrokkar, skrokklutur, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis. Í lögnum er meðal annars fjallað um fóðurgerð úr aukaafurðum dýra í 7. gr.

b. Fyrir liggur að ekki er skylda að íslenskum lögum, eða afleiddum tilskipunum og reglugerðum evrópusambandsins til þess að brenna, urða eða setja dýrahrae í líffgas- eða myltingarstöð. Af ákvæðinu má því leiða að dýrahrae í heild sinni falli ekki undir ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs nema ef til staðar væri skylda að lögum til þess að fara með ákveðnar tilgreindar aukaafurðir dýra í einhvern þeirra farvega sem nefndir eru í lögum.

Ef litið er til orðskýringar c-liðar ákvæðisins þá fjallar hann um að hræ af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun falli ekki undir gildissvið laga um meðhöndlun úrgangs, getur það verið bæði sjálf dauð dýr sem og dýr sem útrýmt er vegna dýrafarsóttar. Bendir ákvæðið jafnframt til þess að dýrahrae skuli ekki falla undir lög um meðhöndlun úrgangs.

Til þess að fara enn dýpra í túlkun þessara lagaákvæða í lögum um meðhöndlun úrgangs er mikilvægt að kanna þá löggjöf ESB sem innleidd er með lögum um meðhöndlun úrgangs og þá aðra löggjöf sem fjallar um aukaafurðir dýra. Í 2. gr. tilskipunar 2008/98/EC um úrgang með síðari breytingum, er í b- og c-lið 2. mgr. ákvæðisins umfjöllun um aukaafurðir dýra og fjallað um þau með svipuðum hætti og fram kemur í 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Í ákvæðinu er hins vegar sérstaklega vísað í b-lið ákvæðisins til reglugerðar ESB um aukaafurðir dýra nr. 1069/2009/EC. Aukaafurðir þurfa því, til þess að þær séu undanþegnar gildissviði tilskipunar um úrgang, að eiga undir ákvæði reglugerðar ESB um aukaafurðir dýra. Taka ber fram að umrædd reglugerð hefur verið innleidd í íslenskan rétt með reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Gefið hefur verið út leiðbeiningarrit af hálfu ESB um ákvæði úrgangstilskipunarinnar. Þar er meðal annars fjallað um gildissvið tilskipunarinnar. Kemur þar fram að markmiðið með b-lið 2. mgr. 2. gr. ákvæðisins væri að taka sérstaklega fram að aukaafurðir dýra gætu ekki átt undir bæði úrgangstilskipunina og reglugerð um aukaafurðir dýra. Markmiðið sé að ef aukaafurðir séu ekki meðhöndlaðar með hefðbundnum aðferðum til meðhöndlunar úrgangs (e. waste operations) þá eigi þær undir ákvæði reglugerðar um aukaafurðir dýra og þær kröfur sem þar koma fram. Hefur þetta þau áhrif að nýting aukaafurðanna hefur grundvallaráhrif á það hvorn lagabálkinn skuli eiga við um viðkomandi aukaafurð (sjá bls. 45 kafli 2.5.2).

Fyrir liggur dómur EFTA dómstólsins um brot Íslands á EES-samningnum fjallaði um brot Íslands. Ekki er að neinu marki fjallað um brot Íslands hvað varðar innleiðingu úrgangstilskipunar Evrópusambandsins þar sem meðal annars kemur fram að ríkjum beri að hafa tiltækar ráðstöfunarleiðir fyrir þann úrgang sem fellur til. Eingöngu er fjallað um brot Íslands á reglugerð um aukaafurðir dýra. Afstaða EFTA dómstólsins er því að með því að ráðstafa þessum úrgangi ekki með þeim hætti sem fyrirskipað er í 12. – 14. gr. reglugerðarinnar sé Ísland ekki að standast skuldbindingar sínar skv. EES-samningnum um raunverulega innleiðingu umræddrar reglugerðar. Þegar litið er til þess sem fram kemur í leiðbeiningarriti ESB um að aukaafurðir dýra falli ávallt undir aðra hvora löggjöfina en aldrei báðar megi draga þær ályktanir að allar þær afurðir sem fjallað er um skuli meðhöndla í samræmi við reglugerð um aukaafurðir dýra en ekki úrgangstilskipunina. Því megi túlka ákvæði b- og c-liðar 2. mgr. 2. gr. laga um

meðhöndlun úrgangs með þeim hætti að dýrahæ falli ekki undir gildissvið laganna og þar með beri sveitarfélög ekki ábyrgð á uppbyggingu eða rekstri þeirra innviða sem þurfi til ráðstöfunar.

Til stuðnings þessari niðurstöðu má jafnframt benda á þær meginreglur sem fyrir liggja hvað varðar meðhöndlun úrgangs um nýtingu úrgangs og auk þess þeirra meginreglna sem fram koma í reglugerð um aukaafurðir dýra, sem allar bera að sama brunn, að þessar afurðir séu nýttar til fullnustu áður en þeim sé fargað sem úrgangi.

Mikilvægt er einnig að líta til reynslu annarra þjóða sem búa við sama lagaumhverfi og Ísland. Á hinum Norðurlöndunum koma sveitarfélög ekki að neinu marki að hvorki söfnun, ráðstöfun né fjármögnun þeirra innviða sem þarf vegna þessa úrgangs. Almenn er um að ræða einkaframtak sláturleyfishafa til þess að losa sig við umræddan úrgang. Ef slík skylda hvíldi á sveitarfélögum í samanburðarlöndum þá væri enginn vafi á því að stórir hagsmunaaðilar eins og sláturleyfishafar myndu ekki taka að sér slík verkefni nema vegna þess að þeim eða eigendum sláturleyfishafa (bændur), bæri að safna úrganginum og ráðstafa honum í samræmi við lög og reglur. Greinargóða umfjöllun um slík kerfi er að finna í minnisblaði Environice um dýraleifar og er vísað til hennar.

III.3 Sóttmengaður úrgangur

Sérsjónarmið geta átt við um flutning og ráðstöfun dýrahæja í þeim tilvikum þar sem um er að ræða sóttmenguð dýrahæ, s.s. þegar riðusmit kemur upp. Sérstaklega er fjallað um slíkan úrgang í 2. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem fram kemur að lögin taki ekki til hæja af dýrum sem drepist hafa á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Í 17. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 er síðan skýrlega tekið fram að ríkissjóður greiði kostnað vegna aflifunar, eyðingar hræja og tækja sem þarf til slíkra verka. Er þetta jafnframt í samræmi við skilgreiningar í 2. gr. úrgangstilskipunar ESB 2008/98/EC og þá staðreynd að umfjöllun um slíkan úrgang er að finna í reglugerð ESB um aukaafurðir dýra 1069/2009. Í henni kemur jafnframt skýrt fram að ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd hvíl á „competent authority“ í viðkomandi landi, sem telst aldrei vera stjórnvald heldur er ávallt miðlægt stjórnvald. Er því enginn vafi á því að sveitarfélög bera engar sérstakar skyldur hvað varðar flutning eða ráðstöfun sóttmengaðra eða riðusmitaðra dýrahæja. Í

V. Niðurstaða

Niðurstaða af umfjöllun úr kafla III.1 er að enginn vafi er á því að ábyrgð á flutningi dýrahæja hvílir ekki hjá sveitarfélögum, frekar en varðar annan rekstrarúrgang. Sveitarfélög geta í úrgangssamþykktum sínum gert ákveðnar kröfur til þess hvernig rekstraraðilar, bændur og sláturhús, fari með slíkan úrgang en bera ekki ábyrgð á því að honum sé safnað, hann sé fluttur til frekari meðhöndlunar eða ráðstöfunar. Taka ber fram að taka þarf tilliti til niðurstöðu í kafla III.2 um það hvort dýrahæ teljist yfir höfuð úrgangur sem falli undir lög um meðhöndlun úrgangs.

Niðurstaða af umfjöllun úr kafla III.2 bendir til þess að sveitarfélög beri ekki ábyrgð á því að hafa tiltækar ráðstöfunarleiðir fyrir dýrahæ, bæði þegar lítið er til orðalags 2. gr. laga

um meðhöndlun úrgangs sem og þegar litið er til þeirra tilskipana og reglugerða sem ákvæði íslenskra laga byggja á, niðurstöðu EFTA dómstólsins um samningsbrot Íslenska ríkisins og því leiðbeiningarriti sem fyrir liggur um túlkun úrgangstilskipunarinnar. Þegar litið er til þess eru sterkar vísbendingar til staðar um að ábyrgð sveitarfélaga eigi ekki að ná til þess að tryggja að ráðstöfun sé í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í reglugerð um aukaafurðir dýra, þ.m.t. til uppbyggingar og reksturs innviða.

Niðurstaða af umfjöllun úr kafla III.3 er að enginn vafi er á því að ábyrgð á flutningi og ráðstöfun sóttmengaðra dýrahæja hvílir hjá Íslenska ríkinu. Slíkt hefur í för með sér að ef ekki eru til staðar viðeigandi innviðir til þess að meðhöndla slíkan úrgang beri sveitarfélög engar sérstakar skyldur til þess að byggja slíka aðstöðu upp.

FHS

Hulda Kristjánsdóttir

From: Umhverfisstofnun - UST <ust@ust.is>
Sent: föstudagur, 19. janúar 2024 11:17
Subject: Takið tímann frá! Loftslagsdagurinn 28. maí 2024



Loftslagsdagurinn 2024 fer fram 28. maí í Hörpu og beinu streymi. Takið tímann frá!

Loftslagsdagurinn fer nú fram í þriðja sinn. Viðburðurinn hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur til þess að auka þekkingu á loftslagsmálum og losun Íslands.

Skipulagshópurinn vinnur nú hörðum höndum að því að móta fræðandi og spennandi dagskrá!

Loftslagsdagurinn er hugsaður fyrir:

- Atvinnulífið
- Stjórnvöld
- Almennig
- Vísindasamfélagið
- Nemendur
- Fjölmiðla

Skráning hefst innan tíðar.

Takið tímann frá og sjáumst í Hörpu þriðjudaginn 28. maí ♥

www.loftslagsdagurinn.is

Viðburðurinn á Facebook

Myndir frá Loftslagsdeginum 2023



Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið
Sent í gegnum samráðsgátt

Þingborg, 22. janúar 2024

Tilvísun: Mál nr. 1/2024

Efni: Umsögn Flóahrepps um mál nr. 1/2024, „Frumvarp til laga um vindorku“

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi frumvarp til laga um vindorku.

Sveitarstjórn tekur undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga frá 16. janúar 2024 og gerir að sinni.

Flóahreppur leggur að auki sérstaka áherslu á mikilvægi þess að sett verði skýrt regluverk og skýr stefna stjórnvalda um vindorkunýtingu á Íslandi.

Mikilvægt er að breytingar varðandi skattlagningu verði kláraðar sem fyrst í sátt við nærsamfélög og sveitarfélögin í landinu. Nærsamfélag orkuvinnslu verður að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslu og því kallar Flóahreppur eftir því að fram komi sanngjarnar og ásættanlegar tillögur um skattlagningu orkumannvirkja samhliða frumvarpi þessu. Með ásættanlegum tillögum um orkuvinnslu er möguleiki að rjúfa þá kyrrstöðu sem uppi er um orkuvinnslu á Íslandi.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Flóahrepps


Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Hulda Kristjánsdóttir

From: Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps <oddviti@gogg.is>
Sent: þriðjudagur, 16. janúar 2024 17:13
To: Oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Subject: Umsagnir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga vegna máls nr. 1/2024 Frumvarp til laga um vindorku
Attachments: Umsögn SO um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.pdf; Umsögn SO um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku.pdf

Góðan dag,

Þessi póstur er sendur á aðildarsveitarfélög Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hafa sent inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda vegna máls nr. 1/2024, Frumvarp til laga um vindorku.

Stjórnin hvetur aðildarsveitarfélögin til að skila inn umsögn eða taka undir umsögn Samtaka orkusveitarfélaga inn á samráðsgáttinni <https://island.is/samradsgatt/mal/3640> en umsagnarfresturinn er til 23. janúar næstkomandi.

Í viðhengi má finna umsagnirnar, annars vegar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og hins vegar um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Bestu kveðjur,
fyrir hönd stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga,
Ása Valdís formaður

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga
um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu
vindorku á Íslandi

Mál nr. 1/2024

Tilvísun: Mál nr. 1/2024

1. Almennt um þingsályktunartillöguna

Þau drög að stefnu um uppbyggingu vindorku sem nú eru lögð fram til umsagnar eru mun ítarlegri og víðtækari en þingsályktunartillaga um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands sem lögð var fram á Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020-2021 en náði ekki fram að ganga. Eins og nafnið bendir til fjallaði sú tillaga eingöngu um hvar leyfilegt kynni að vera að staðsetja vindorkuver að teknu tilliti til flokkunar landsvæða. Samhliða var líkt og nú lagt fram lagafrumvarp um málsmeðferð vindorkukosta sem heimiluðu frávik frá almennti málsmeðferð laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Helsti galli á fyrrgreindri þált. og frumvarpi var sá að settar voru mjög stífar takmarkanir á staðsetningu vindorkuvera. SO hugnast almennt betur sú nálgun sem fram kemur í fyrirbyggjandi tillögum, að fela sveitarstjórnnum ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera að uppfylltum skilyrðum sem ekki eru jafn ströng og í fyrrgreindri tillögu. Tilfni er þó til verulegra fyrirvara gagnvart takmörkunum sem fram koma í 3. gr. frumvarpdraga, sem ganga mun lengra en ákvæði gildandi laga og þarfnast nánari umræðu.

Að álit SO hefði mögulega nægt að þingsályktunartillagan sem nú er til umsagnar tæki á þremur grundvallaratriðum, sem eru:

- 1) Grunnviðmið um staðsetningu vindorkuvera
Vísað er til umsagnar SO um drög að lagafrumvarpi varðandi atriði sem SO telja vera of takmarkandi varðandi val um staðsetningu vindorkuvera. Þetta á sérstaklega við um svæði í B-hluta náttúruminjaskrár en einnig er bent á að takmarkanir skv. 3 gr. frv. einskorðast ekki við vindorkuver, þrátt fyrir að rökstuðningur með stefnuþingum snúi eingöngu að sérstöðu vindorkuvera.
- 2) Málsmeðferð í tengslum við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun
Vísað er til umsagnar SO um drög að lagafrumvarpi varðandi atriði sem SO telja þurfa að skýra betur varðandi málsmeðferð. Þetta á m.a. við um úrbætur á núverandi málsmeðferð með því að tryggja aðkomu sveitarfélaga áður en Orkustofnun vísar málum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar.
- 3) Tekjur til nærsamfélaga vegna raforkumannvirkja almennt
Vísað er til umsagnar SO til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu frá 28. ágúst 2023.

Þótt vissulega skipti máli að stefna ríkisins varðandi ýmis atriði sem snúa að orkuvinnslu og náttúruvernd liggja sem skýrast fyrir væri að álit SO mun æskilegra að leggja fram mun knappari og hnitmiðaðri stefnu ásamt tillögu að aðgerðaáætlun um breytingar á lögum og reglugerðum, leiðbeiningum til stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga um leyfisveitingar og skipulagsmál og mögulega fleiri framkvæmdaratriði.

- ✓ Það eru veruleg vonbrigði að slík aðgerðaáætlun er ekki hluti af stefnunni. Tilefni er til að segja mun skýrar hvaða aðgerðum stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd og hver sé ábyrgðaraðili þeirra aðgerða.
- ✓ Þess í stað eru sett fram almenn sjónarmið um mörg atriði sem ekki eru endilega til þess fallin að greiða götu skynsamlegrar vindorkunýtingar hér á landi en gætu þó átt heima í leiðbeiningum um áherslur við mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar.

SO telja tilefni til að minna á að stjórnvöld ríkisins hafa haft rúman tíma til að setja skýrari reglur og leiðbeiningar um nánast alla þætti sem snúa að bestu framkvæmd og tækni og hljóðræn og sjónræn áhrif.

- ✓ Um þetta vísa SO m.a. til skýrslu starfshóps um lagaumhverfi vindorkuvera frá 2018 en einnig hefur verið aflað þekkingar og reynslu af framkvæmd í nálægum ríkjum.
- ✓ Ekkert á að vera því til fyrirstöðu að hraða þessari vinnu þannig að skýrt regluverk og leiðbeiningar verði til staðar þegar kemur að framkvæmd á grundvelli fyrirhugaðra lagabreytinga.

Vart þarf að taka fram að afstaða SO til frumvarpsins og þingsályktunartillögunnar mun á endanum ráðast af því hvort lagðar verði fram ásættanlegar tillögur um breytingar á skattlagningu orkumannvirkja. En lykilatriði er einnig að lagaumhverfi og stefna stjórnvalda verði skýr og stuðli að skilvirkri og samræmdri stjórnsýslu.

2. Nánar um einstök atriði í þált.

Besta fíánleg tækni

Út frá hagsmunum sveitarfélaga og nærsamfélaga skiptir miklu að settar verði skýrar reglur og viðmið um nauðsynlega fjarlægð vindorkumannvirkja frá íbúabyggð, t.d. á grundvelli hljóðs, ljóss, skuggaflökts og hugsanlegs ískasts af mannvirkjum, til að tryggja öryggi, hollustuhætti og heilsu.

- ✓ Tilefni er til þess að spyrja hvort viðmið um þessi atriði þurfi ekki að koma fram í þeirri stefnu sem hér er til umsagnar í stað almenns orðalags í gr. 2.2.
- ✓ Skýringar á bls. 20 undir fyrirsögninni *Besta fíánlega tækni* gefa engar vísbendingar um hvaða viðmið lögð verði til grundvallar varðandi fjarlægðarmörk.

Í sömu grein segir að mæla skal fyrir um að framkvæmdaraðili sjái um niðurrif mannvirkja að notkun lokinni á umhverfisvænan hátt og í samræmi við bestu framkvæmd og tækni og sjónarmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda og hringrásarhagkerfið. Tryggja skuli á viðeigandi hátt, t.d. með innheimtu sérstaks tryggingagjalds, að framkvæmdaraðili fjarlægi að notkun lokinni öll mannvirki og línulagnir á virkjunarstaðnum og gangi þannig frá svæðinu að ásýnd þess verði sem næst upphaflegri ásýnd.

- ✓ Eins og reynslan sýnir er það ekkert áhlaupaverk að rífa niður vindorkumöstur. Sama gildir um flutning þeirra til niðurrifs og förgunar.

- ✓ SO taka undir skýringar á bls. 21 um að brýnt er að sem fyrst verði settar skýrar reglur um það með hvaða hætti slík förgun eigi sér stað, enda ljóst að sú aðferð sem viðhöfð hefur verið sums staðar erlendis, t.d. við urðun vindmylluspaða, samræmist ekki nútímakröfum. Setja þarf tímamörk um hvenær þessar reglur gildi fyrir.
- ✓ Sömu sjónarmið gilda um aðra þætti sem fjallað er um í gr. 2.2 svo sem varðandi atriði sem snúa að flugöryggi.

Vandaður undirbúningur

Góður undirbúningur, fagleg frumhönnun og skynsamleg staðsetning í landslagi, ásamt samráð við nærsamfélag á fyrstu stigum verkefnis getur dregið verulega úr umhverfisáhrifum og þar með einnig hugsanlegri andstöðu íbúa og sveitarfélags við slíkar framkvæmdir.

- ✓ SO telur skýringar á bls. 23 undirstrika ábendingar í umsögn SO um lagafrumvarpið, um mikilvægi þess að viðkomandi sveitarfélag komi fyrir að undirbúningi virkjanakosta en nú er raunin.
- ✓ SO telur þurfa að skýra nánar inntak málsmeðferðar verkefnisstjórnar rammaáætlunar um vindorkukosti og mögulega aðkomu faghópa að þeirri málsmeðferð.

3. Lokaorð

Það er von stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga áður en tillaga til þingsályktunar verður lögð fram á Alþingi.

Stjórnin vill undirstrika eindreginn vilja sinn til að markviss en hófstíllt vindorkunýting hér á landi geti farið fram á grundvelli skýrrar stefnu og regluverks sem uppfyllir nútíma kröfur.

Jafnframt þarf að sjálfsögðu að vera tryggt að nærsamfélög njóti ávinnings af vindorkunýtingu, eins og hefur verið áréttað af hálfu SO í samskiptum við ráðuneytið og starfshóp um vindorkunýtingu.

Stjórnin er tilbúin til að fylgja umsögn þessari eftir með nánari samtali um hugmyndir sínar um mögulegar leiðir til útfærslu á þeim ábendingum sem settar eru fram í umsögninni.

F.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

16. janúar 2024

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir

formaður

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun

Tilvísun: Mál nr. 1/2024

1. Inngangur

Samtök orkusveitarfélaga (SO) fagna því að komið er til umsagnar frumvarp um breytingar á lagaumhverfi vindorkunýtingar ásamt drögum að stefnu um vindorkunýtingu. Þessi umsögn fjallar eingöngu um frumvarpið en sérstök umsögn er gerð um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Ótvírætt er að mikil tækifæri eru til að nýta þá auðlind sem felst í vindorku í umtalsvert meira mæli en nú er raunin. Slík nýting þarf hins vegar að fara fram á grundvelli skýrrar stefnu stjórnvalda og bæta þarf regluverk og stjórnsýsluferla þannig að málsmeðferð verði fjórhjúfá fyrir sjáanleg.

SO telja ríkan vilja til þess af hálfu aðildarsveitarfélaga að vinna að markmiðum stjórnvalda um kolefnishlutlaust Ísland fyrir árið 2040. Stjórnvöld þurfa þó að vera meðvituð um að sú aukna nýting auðlinda sem nauðsynleg er til að ná þeim markmiðum næst ekki án fórna. Sveitarstjórnnum um allt land eru þröngar skorður settar í umfjöllun um skipulag og leyfisveitingar fyrir ný raforkuver ef ekki er hægt að sýna fram á það að nærsamfélagið njóti sýnilegs ávinnings af framkvæmdum.

Það er afar brýnt að þær tillögur sem nú liggja fyrir verði þannig úr garði gerðar að þær nái að rjúfa þá kyrrstöðu sem nú ríkir í raforkumálum. Í umsögn þessari er leitast við að skýra sjónarmið SO en óhjákvæmilegt er að jafnframt komi fram ásættanlegar tillögur um skattlagningu raforkumannvirkja eins og kemur skýrt fram í eftirfarandi bókun stjórnar SO:

- ✓ Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfsemi gerir. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga fagnar því breytta viðhorfi sem fram hefur komið, bæði frá stjórnvöldum og orkuframleiðendum, þar sem þau gera sér grein fyrir að orkuskipti í náinni framtíð munu ekki raungerast nema með góðri samvinnu við nærsamfélagið. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur tilkynnt að samþykkt hafi verið í ríkisstjórn að breyta skattaumhverfi orkuvinnslu og sú vinna sé að hefjast. Mikilvægt er að Samtök orkusveitarfélaga fái skýra aðkomu að þeirri vinnu til að tryggja að sátt verði um nýtt skattaumhverfi.
- ✓ Stjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög, ríki og orkuframleiðendur gangi í takt og allir beri sanngjarnan ávinning af því gríðarlega mikilvæga markmiði sem orkuskiptin eru og að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Lykillinn af farsælum orkuskiptum er nýtt skattaumhverfi sem tryggir sanngjarnan efnahagslegan ábata fyrir

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

nærsamfélagið. Engar forsendur eru fyrir því að orkuvinnsla hafi undanþágur frá lögbundnum tekjustofnum sveitarfélaga umfram aðrar atvinnugreinar.

- *Bókun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar 2023.*

Við rýni SO hefur m.a. verið höfð hliðsjón af fyrirliggjandi stefnumótun í raforkumálum: Sjálfbær orkuframtíð - Orkustefna til 2050 en þar kemur fram skýr framtíðarsýn sem SO tekur eindregið undir:

- ✓ Ísland er land hreinnar orku þar sem öll orkuframleiðsla er af endurnýjanlegum uppruna. Endurnýjanleg orkuframleiðsla gegnir grundvallarhlutverki í baráttunni gegn loftslagsvánni. Orkan er nýtt með sjálfbærum hætti, samfélagi og almenningi til hagsbóta. Allri orkuþörf er mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma. Landið er leiðandi í sjálfbærri orkuvinnslu, orkuskiptum, orkunýtni og skilvirkri fjölnýtingu orkugjafa. Sátt ríkir um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda enda umhverfisáhrif lágmrörkuð.
- ✓ Samfélagslegur ábati af orkuauðlindum er hámarkaður og þjóðin nýtur ávinnings af því. Orkan er hreyfiafl fjölbreyttrar atvinnustarfsemi þar sem jafn aðgangur er að orku á samkeppnishæfu verði. Þjóðin býr yfir framúrskarandi þekkingu og framsækni í orkumálum sem skilar sér í gróskumikilli nýsköpun.
- ✓ Það er sanngjarnt að nærsamfélög (sveitarfélög) njóti ávinnings þeirrar orkuvinnslu sem á sér stað í grennd við íbúa. Tryggja þarf réttláta skiptingu hans milli þeirra nærsamfélaga sem verða fyrir áhrifum af orkuvinnslu.
- ✓ Innlend, endurnýjanleg orka þarf að vera aðgengileg á samkeppnishæfu verði um land allt og styðja þannig við byggðir landsins og atvinnulíf. Markmiðið er að þar geti þrífist atvinnustarfsemi með áreiðanlegu aðgengi að raforku. Til að ná þessu markmiði þarf að jafna orkukostnað milli þéttbýlis og dreifbýlis með aukinni jöfnun dreifikostnaðar raforku og niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar á köldum svæðum.

2. Almennt um frumvarpið

SO eru meðvituð um að það frumvarp sem hér er til umsagnar mun verða umdeilt. Virða ber skoðanir þeirra sem telja að stórfelld uppbygging vindorkuvera hér á landi geti haft óæskileg umhverfisáhrif. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að horft verði til þess að vindorkunýting þykir í flestum löndum sjálfsagður og umhverfisvænn valkostur og að stjórnvöld margra ríkja styðja við frekari uppbyggingu slíkrar orkuframleiðslu.

Jafnframt telur SO mikilvægt að minna á að í flestum nálægum ríkjum eru það staðbundin stjórnvöld sem fara með ákvarðanir um hvar heimiluð er bygging vindorkuvera. Þrátt fyrir þetta eru SO í meginatriðum sammála þeirri aðferðafræði sem byggt er á í frumvarpinu, sem er að áform um vindorkuver yfir skilgreindum stærðarmörkum skuli vera háð málsmeðferð rammaáætlunar, sbr. lögum verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. SO er jafnframt sammála því að það geti leitt til skilvirkari stjórnsýslu við umfjöllun um fyrirhuguð vindorkuver að þau fái sérstaka málsmeðferð. Loks er SO sammála því að lokaorðið um hvort vindorkuver skuli vera leyft þurfi að liggja hjá sveitarstjórn, eins og lagt er til í 4. gr. frv.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

- ✓ Það sem SO telur nokkuð skorta á, bæði í frumvarpsdrögum og drögum að þingsályktunartillögu, er nánari útfærsla á þeirri stjórnarsýslu sem fram fer hjá Orkustofnun og verkefnisstjórn rammaáætlunar áður en verkefnisstjórn vísar máli til ráðherra til ákvörðunar, sbr. 3. mgr. 6. gr. frv.
- ✓ Sömuleiðis skortir skýrari ákvæði um aðkomu sveitarstjórna á fyrstu stigum málsmeðferðar samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlunar.

- Hér vísar SO m.a. til umræðu um frumvarp og þingsályktunartillögu um sama efni á 151. löggjafarþingi, þar sem fram komu sjónarmið um að þörf væri á að bæta málsmeðferð rammaáætlunar, m.a. varðandi gæði gagna sem fylgja tillögum til Orkustofnunar. Einnig var þá rætt um aðkomu faghópa að vinnu verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Á þessum atriðum virðist ekkert vera tekið í frumvarpinu.¹ Ef ætlunin er að skýra þessi framkvæmdaratriði nánar í reglugerðum á grundvelli 9. eða 12. gr. laga nr. 48/2011 væri að lágmarki rétt að taka það fram í skýringum með frumvarpinu ásamt því að gera nánari grein fyrir slíkum úrbótum í þingsályktunartillögunni og hvenær þær eigi að koma til framkvæmda. Sjá einnig um þetta skýringar á bls. 23 í drögum að þingsályktunartillögu um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Tílefni er jafnframt til verulegra efasemda við ákvæði 3. gr. frv. um viðbót við 3. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011. Í ákvæði gildandi laga felst að svæði í A-hluta náttúruminjaskrár eru utan við rammaáætlun nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum nema virkjunarframkvæmdir séu heimilaðar á viðkomandi svæði. SO telur frumvarpsgreinina fela í sér of miklar takmarkanir á gildissviði rammaáætlunar ásamt því að í henni felst veruleg skerðing á skipulagsvaldi sveitarfélaga.

- Tílefni er einnig til að áréttu að breytingar á 3. gr. einskorðast ekki við virkjanakosti í vindorku heldur gilda þær samkvæmt orðanna hljóðan einnig um virkjanakosti fyrir vatnsafl og jarðhita.
- Einkum beinast þessar athugasemdir að tillögu um að svæði á B-hluta náttúruminjaskrár og svæði þar sem eru friðlýstar menningarminjar verði algerlega undanskilin, eins og rakið verður nánar síðar í umsögninni. Augljóst tílefni er til þess að endurskoða þá tilhögun áður en frumvarp er lagt fram á Alþingi.

3. Afmörkun á gildissviði rammaáætlunar, 3. gr. frv.

Tílefni er til að kalla eftir nánari skýringum á 3. gr. frumvarpsins, einkum varðandi tillögu um að undanskilja fjölmörg landsvæði þannig að óheimilt verði að fjalla við gerð rammaáætlunar um virkjanakosti innan þeirra.

Að álitum SO er ákvæðið ekki til þess fallið að stuðla að sátt um efni frumvarpsins og er tílefni til að gera athugasemd við að í kynningu á efni frumvarpsins var einungis rætt um að svæði

¹ Sjá m.a. umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um framangreind mál á 151. löggjafarþingi, sem unnin var í samráði við stjórn SO: [151-2846.pdf](#) ([althingi.is](#))

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

innan miðhálandislínu yrðu sérstaklega undanskilin. En skv. 3. gr. bætast nú við öll svæði sem eru:

- ✓ á B-hluta náttúruminjaskrár,
- ✓ innan marka friðlýstra menningarminja,
- ✓ á heimsminjaskrá UNESCO, auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána,
- ✓ Ramsar-svæða og
- ✓ svæði innan marka miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu, þegar um er að ræða virkjunarkosti til nýtingar vindorku.

Eins og ákvæðið er orðað gildir þessi takmörkun ekki eingöngu um fyrirhuguð vindorkuver heldur nær það til einnig til vatnsafls og jarðvarma. Skýringar með frumvarpinu gefa þó til kynna að helsta röksemd fyrir breytingum í 3. gr. séu að:

Vegna tiltölulega ólíkra umhverfisáhrifa vindorkunnar í samanburði við aðra virkjunarkosti, auk þeirrar staðreyndar að vindorkuna er hægt að hagnýta á mun fleiri svæðum landsins en gildir um aðra virkjunarkosti, er lagt til að fleiri svæði landsins verði undanskilin slíkri hagnýtingu. [...] Í frumvarpinu er því stefnt að því að hlífa viðkvæmustu svæðum landsins við uppbyggingu af þessum toga enda ljóst að vindorkan er þess eðlis, eins og áður sagði, að mun fleiri möguleikar eru á uppbyggingu virkjunarkosta á öðrum og hentugri svæðum en gildir um hina hefðbundnu virkjunarkosti.

Óháð því hvort ætlun ráðuneytisins er að þessi viðbót í 3. gr. frumvarpsins gildi eingöngu um vindorkuver, eins og skýringar kenna að benda til, vill SO koma að mjög eindregnum andmælum við 3. gr. Sérstök ástæða er til þess að andmæla því að svæðum í B-hluta náttúruminjaskrár sé gert svo hátt undir höfði í frumvarpinu að þau verði með öllu útilokuð frá orkunýtingu, á meðan vægari regla gildir um svæði í A-hluta, sbr. 3. mgr. 3. gr. gildandi laga.²

Vert er að hafa í huga að skráning svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár felur ekki í sér endanlega niðurstöðu um friðlýsingu. Sjá í þessu sambengi 2. tl. 2. mgr. 33. gr. náttúruverndarlaga:

Framkvæmdaáætlun um friðlýsingar og friðun. B-hluti: Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára, þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Jafnframt er í 2. mgr. 37. gr. náttúruverndarlaga ákvæði sem heimilar ráðherra að setja tímabundið bann við framkvæmdum á svæðum í B-hluta:

² Til skýringa vísa SO til upplýsinga á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands: Samkvæmt 13. gr. laga um náttúruvernd skal umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra gefa út náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Náttúruminjaskrá skiptist í þrjú hluta sem auðkenndir eru sem A, B og C-hluti. A-hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýstar eða friðaðar. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum og C-hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í lögnum er lögð áhersla á að byggja upp skipulegt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðbreytileika og fjölbreytni landslags.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Ráðherra er heimilt að kveða á um tímabundið bann við framkvæmdum eða nýtingu sem skaðað getur verndargildi náttúruminja sem teknar eru á framkvæmdaáætlun (B-hluta). Bannið gildir í þrjá mánuði. Ráðherra er að þeim tíma loknum heimilt að ítreka bannið með sérstakri ákvörðun og gildir það þá þar til auglýsing um friðlýsingu eða friðun hefur verið birt en verði ekki af friðlýsingu eða friðun innan eins árs frá hinu upphaflega banni fellur það niður.

Í framangreindu ákvæði 2. mgr. 37. gr. er að öðru leyti vísað til þess að um B-hluta gildi ákvæði 3. og 4. mgr. sömu greinar. Umræddar málsgreinar kveða á um skyldu til þess að forðast rask á náttúrusvæðum nema almannahagsmunir krefjist þess og annarra kosta hafi verið leitað.

- ✓ Með vísan til framangreindra ákvæða í náttúruverndarlögum er það álit SO að í frumvarpinu og drögum að þingsályktunartillögu sé kveðið of afdráttarlaust á um þýðingu þess að landsvæði er skráð í B-hluta náttúruverndaráætlunar.³
- ✓ Sama afstaða á í meginatriðum við um svæði sem eru innan marka samþykktra menningarminja⁴.
- ✓ Mun eðlilegra væri að ganga út frá þeirri forsendu að skipulagslög, náttúruverndarlög, lög um menningarminjar, lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana og önnur umhverfislöggjöf eftir því sem við á feli í sér nægilega skýra aðgæsluskyldu gagnvart náttúrusvæðum. Það virðist því vera alltof íþyngjandi fyrir orkufyrirtæki, landeigendur og sveitarfélög að kveða í frumvarpinu á um algert bann við virkjunum á öllum landsvæðum sem talin eru upp í 3. gr. frv.

Varðandi það að undanskilja landsvæði innan miðhálandislínu frá rammaáætlun kemur fram í skýringum með frumvarpinu að af þeim tveimur vindorkukostum sem samþykktir hafa verið í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar er Búrfellslundur innan marka miðhálandislínu. Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi afturvirk áhrif á þá virkjanaakosti í vindorku sem þegar eru komnir í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar.

4. Málmeðferð skv. 6. gr. frv. og 9. og 10. gr. laga nr. 48/2011

SO telur nokkuð vanta á lýsingu á fyrirhugaðri málmeðferð fyrirhugaðra vindorkukosta, bæði í skýringum með frumvarpinu og í drögum að þingsályktunartillögu. Augljós tækifæri eru m.a. til þess að bæta úr þekktum ágöllum á núverandi málmeðferð.

³ Um þýðingu framangreindrar umfjöllunar um útilokandi þætti má vísa til kafla 4.2 í þált. þar sem segir m.a.:
...Þetta á við þegar staðsetning virkjunarkosts er með þeim hætti að hann sé ekki talinn raska um of mikilvægum sameiginlegum verndarhagsmunum landsins alls heldur snúi frekar að nærhagsmunum og skipulagi innan einstakra sveitarfélaga.

Gert skal ráð fyrir að eitt af hlutverkum verkefnisstjórnar rammaáætlunar verði að skoða framkomna virkjunarkosti í vindorku með tilliti til þess hvort þeir uppfylli skilyrði slíkrar leiðar. Frumskilyrði slíkrar leiðar er að virkjunarkostur sé ekki innan svæða sem fjallað er um í 1.2. gr., auk þess sem virkjunarkosturinn komi til með að vera liður í því að ná markmiðum Íslands við orkuskipti og kolefnishlutleysi.

⁴ Sjá til hliðsjónar friðlýsingaskrá frá 1990 með uppfærslum á vef Minjastofnunar: Skrá um friðlýstar fornleifar (minjastofnun.is)

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Ekki er endilega víst að lagabreytinga sé þörf til að ná fram úrbótum þar sem reglugerðarheimild er bæði í 9. og 12. gr. laganna. Eðlilegt væri engu að síður að í þeim tillögum sem nú eru kynntar kæmi fram skýrari sýn á það hvernig ætlunin er að skerpa á málsmeðferð. Jafnframt ætti að setja fram markmið um hvenær þær breytingar taki gildi.

Út frá sjónarhóli sveitarfélaga er sérstök áhersla lögð á að sveitarstjórnir þurfi að fá kynningu á fyrirhuguðum virkjanakostum mun frammar í ferlinu en nú er raunin. Einfeld leið til að tryggja það gæti til dæmis verið að slík kynning þurfi að fara fram áður en Orkustofnun vísar virkjunarkosti til umfjöllunar í verkefnisstjórn rammaáætlunar.

Dæmi virðast vera um að fremur illa skilgreindir virkjanakostir hafi komist í gegnum ferlið og inn á borð verkefnisstjórnar, sem ekki getur talist vera nægilega vönduð stjórnsýsla. Telja verður að það þjóni jafnt hagsmunum framkvæmdaraðila, og stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga að ná meiri festu um þessa framkvæmd, þannig að ljóst sé að vindorkukostir sem vísað er til ákvörðunar sveitarstjórnar, sbr. 3. mgr. 6. gr. séu nægilega skýrir og tilbúnir til umfjöllunar á sveitarstjórnarstigi. Um framangreind atriði er ágæt umfjöllun á bls. 23 í drögum að þált. þar sem segir m.a.:

Góður undirbúningur, fagleg frumhönnun og rétt staðsetning í landslagi og samráð við nærsamfélag á fyrstu stigum verkefnis getur dregið verulega úr umhverfisáhrifum og þar með einnig hugsanlegri andstöðu íbúa og sveitarfélags við slíkar framkvæmdir. Mikilvægt er að hugað sé strax að þessum þáttum en það ekki látið biða þar til hugsanleg framkvæmd er komin lengra áleiðis við ferli leyfisveitinga. Í núverandi ferli rammaáætlunar hefur í einhverjum tilvikum orðið nokkur misbrestur á því að virkjunaráform í vindorku hafi verið nægilega vel unnin að þessu leyti áður en tillögurnar hafa verið sendar til Orkustofnunar til meðferðar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar. Núverandi ferli rammaáætlunar hefur leitt til þess að einhverjir virkjunaraðilar hafi jafnvel sent inn margar mismunandi tillögur á algeru frumstigi og á mismunandi svæðum nánast til þess að „taka frá“ tiltekna virkjunarkosti í þeirri von að einhverjir þeirra hljóti brautargengi. Í einhverjum tilvikum virðist sem takmörkuð kynning hafi átt sér stað gagnvart hlutaðeigandi sveitarfélagi um áformin.

SO leggja áherslu á að skýrar verði tekið á framangreindum annmörkum í frumvarpi sem ráðherra hyggst leggja fram á Alþingi.

5. Lokaorð

Það er von stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga áður en endanlegt frumvarp verður lagt fram á Alþingi.

Stjórnin vill undirstrika eindreginn vilja sinn til að markviss en hófstíllt vindorkunýting hér á landi geti farið fram á grundvelli skýrrar stefnu og löggjafar sem uppfyllir nútíma kröfur.

Jafnframt þarf að sjálfsögðu að vera tryggt að nærsamfélög njóti ávinnings af vindorkunýtingu, eins og hefur verið áréttað af hálfu SO í samskiptum við ráðuneytið og starfshóp um vindorkunýtingu.

SAMTÖK ORKUSVEITARFÉLAGA

www.orkusveitarfelog.is

Stjórnin er tilbúin til að fylgja umsögn þessari eftir með nánari samtali um hugmyndir sínar um mögulegar leiðir til útfærslu á þeim ábendingum sem settar eru fram í umsögninni.

F.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

16. janúar 2024

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir

formaður

Umsögn Samtaka orkusveitarfélaga
um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu
vindorku á Íslandi

Mál nr. 1/2024

Tilvísun: Mál nr. 1/2024

1. Almenn um þingsályktunartillöguna

Þau drög að stefnu um uppbyggingu vindorku sem nú eru lögð fram til umsagnar eru mun ítarlegri og víðtækari en þingsályktunartillaga um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands sem lögð var fram á Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020-2021 en náði ekki fram að ganga. Eins og nafnið bendir til fjallaði sú tillaga eingöngu um hvar leyfilegt kynni að vera að staðsetja vindorkuver að teknu tilliti til flokkunar landsvæða. Samhliða var líkt og nú lagt fram lagafrumvarp um málsmeðferð vindorkukosta sem heimiluðu frávik frá almennri málsmeðferð laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Helsti galli á fyrrgreindri þátt. og frumvarpi var sá að settar voru mjög stífar takmarkanir á staðsetningu vindorkuvera. SO hugnast almennt betur sú nálgun sem fram kemur í fyrirbyggjandi tillögum, að fela sveitarstjórnnum ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera að uppfylltum skilyrðum sem ekki eru jafn ströng og í fyrrgreindri tillögu. Tilfni er þó til verulegra fyrirvara gagnvart takmörkunum sem fram koma í 3. gr. frumvarpdraga, sem ganga mun lengra en ákvæði gildandi laga og þarfnast nánari umræðu.

Að álit SO hefði mögulega nægt að þingsályktunartillagan sem nú er til umsagnar tæki á þremur grundvallaratriðum, sem eru:

- 1) Grunnviðmið um staðsetningu vindorkuvera
Vísað er til umsagnar SO um drög að lagafrumvarpi varðandi atriði sem SO telja vera of takmarkandi varðandi val um staðsetningu vindorkuvera. Þetta á sérstaklega við um svæði í B-hluta náttúruminjasrár en einnig er bent á að takmarkanir skv. 3 gr. frv. einskorðast ekki við vindorkuver, þrátt fyrir að rökstuðningur með stefnuþögum snúi eingöngu að sérstöðu vindorkuvera.
- 2) Málsmeðferð í tengslum við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun
Vísað er til umsagnar SO um drög að lagafrumvarpi varðandi atriði sem SO telja þurfa að skýra betur varðandi málsmeðferð. Þetta á m.a. við um úrbætur á núverandi málsmeðferð með því að tryggja aðkomu sveitarfélaga áður en Orkustofnun vísar málum til verkefnisstjórnar rammaáætlunar.
- 3) Tekjur til nærsamfélaga vegna raforkumannvirkja almennt
Vísað er til umsagnar SO til starfshöps um skattlagningu orkuvinnslu frá 28. ágúst 2023.

Þótt vissulega skipti máli að stefna ríkisins varðandi ýmis atriði sem snúa að orkuviunslu og náttúruvernd liggja sem skýrast fyrir væri að álitni SO mun æskilegra að leggja fram mun knappar og hnitmiðaðri stefnu ásamt tillögu að aðgerðaáætlun um breytingar á lögum og reglugerðum, leiðbeiningum til stjórnvalda ríkis og sveitarfélaga um leyfisveitingar og skipulagsmál og mögulega fleiri framkvæmdaratriði.

- ✓ Það eru veruleg vonbrigði að slík aðgerðaáætlun er ekki hluti af stefnunni. Tilefni er til að segja mun skýrar hvaða aðgerðum stjórnvöld hyggjast hrinda í framkvæmd og hver sé ábyrgðaraðili þeirra aðgerða.
- ✓ Þess í stað eru sett fram almenn sjónarmið um mörg atriði sem ekki eru endilega til þess fallin að greiða götu skynsamlegrar vindorkunýtingar hér á landi en gætu þó átt heima í leiðbeiningum um áherslur við mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar.

SO telja tilefni til að minna á að stjórnvöld ríkisins hafa haft rúman tíma til að setja skýrari reglur og leiðbeiningar um nánast alla þætti sem snúa að bestu framkvæmd og tækni og hljóðræn og sjónræn áhrif.

- ✓ Um þetta vísa SO m.a. til skýrslu starfshóps um lagaumhverfi vindorkuvera frá 2018 en einnig hefur verið aflað þekkingar og reynslu af framkvæmd í nálægum ríkjum.
- ✓ Ekkert á að vera því til fyrirstöðu að hraða þessari vinnu þannig að skýrt regluverk og leiðbeiningar verði til staðar þegar kemur að framkvæmd á grundvelli fyrirhugaðra lagabreytinga.

Vart þarf að taka fram að afstaða SO til frumvarpsins og þingsályktunartillögunnar mun á endanum ráðast af því hvort lagðar verði fram ásættanlegar tillögur um breytingar á skattlagningu orkumannvirkja. En lykilatriði er einnig að lagaumhverfi og stefna stjórnvalda verði skýr og stuðli að skilvirkri og samræmdri stjórnsýslu.

2. Nánar um einstök atriði í þátt.

Besta fánleg tækni

Út frá hagsmunum sveitarfélaga og nærsamfélaga skiptir miklu að settar verði skýrar reglur og viðmið um nauðsynlega fjarlægð vindorkumannvirkja frá íbúabyggð, t.d. á grundvelli hljóðs, ljóss, skuggaflökts og hugsanlegs ískasts af mannvirkjum, til að tryggja öryggi, hollustuhætti og heilsu.

- ✓ Tilefni er til þess að spyrja hvort viðmið um þessi atriði þurfi ekki að koma fram í þeirri stefnu sem hér er til umsagnar í stað almenns orðalags í gr. 2.2.
- ✓ Skýringar á bls. 20 undir fyrirsögninni *Besta fánlega tækni* gefa engar vísbendingar um hvaða viðmið lögð verði til grundvallar varðandi fjarlægðarmörk.

Í sömu grein segir að mæla skal fyrir um að framkvæmdaraðili sjái um niðurrif mannvirkja að notkun lokinni á umhverfisvænan hátt og í samræmi við bestu framkvæmd og tækni og sjónarmið um sjálfbæra nýtingu auðlinda og hringrásarhagkerfið. Tryggja skuli á viðeigandi hátt, t.d. með innheimtu sérstaks tryggingagjalds, að framkvæmdaraðili fjarlægji að notkun lokinni öll mannvirki og línulagnir á virkjunarstaðnum og gangi þannig frá svæðinu að ásýnd þess verði sem næst upphaflegri ásýnd.

- ✓ Eins og reynslan sýnir er það ekkert áhlaupaverk að rífa niður vindorkumöstur. Sama gildir um flutning þeirra til niðurrifs og förgunar.

- ✓ SO taka undir skýringar á bls. 21 um að brýnt er að sem fyrst verði settar skýrar reglur um það með hvaða hætti slík förgun eigi sér stað, enda ljóst að sú aðferð sem viðhöfð hefur verið sums staðar erlendis, t.d. við urðun vindmylluspaða, samræmist ekki nútímakröfum. Setja þarf tímamörk um hvenær þessar reglur gildi fyrir.
- ✓ Sömu sjónarmið gilda um aðra þætti sem fjallað er um í gr. 2.2 svo sem varðandi atriði sem snúa að flugöryggi.

Vandaður undirbúningur

Góður undirbúningur, fagleg frumhönnun og skynsamleg staðsetning í landslagi, ásamt samráð við nærsamfélag á fyrstu stigum verkefnis getur dregið verulega úr umhverfisáhrifum og þar með einnig hugsanlegri andstöðu íbúa og sveitarfélags við slíkar framkvæmdir.

- ✓ SO telur skýringar á bls. 23 undirstrika ábendingar í umsögn SO um lagafrumvarpið, um mikilvægi þess að viðkomandi sveitarfélag komi fyrir að undirbúningi virkjanakosta en nú er raunin.
- ✓ SO telur þurfa að skýra nánar inntak málsmeðferðar verkefnisstjórnar rammaáætlunar um vindorkukosti og mögulega aðkomu faghópa að þeirri málsmeðferð.

3. Lokaorð

Það er von stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga áður en tillaga til þingsályktunar verður lögð fram á Alþingi.

Stjórnin vill undirstrika eindreginn vilja sinn til að markviss en hófstíllt vindorkunýting hér á landi geti farið fram á grundvelli skýrrar stefnu og regluverks sem uppfyllir nútíma kröfur.

Jafnframt þarf að sjálfsögðu að vera tryggt að nærsamfélög njóti ávinnings af vindorkunýtingu, eins og hefur verið áréttað af hálfu SO í samskiptum við ráðuneytið og starfshóp um vindorkunýtingu.

Stjórnin er tilbúin til að fylgja umsögn þessari eftir með nánari samtali um hugmyndir sínar um mögulegar leiðir til útfærslu á þeim ábendingum sem settar eru fram í umsögninni.

F.h. stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

16. janúar 2024

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir

formaður

Hulda Kristjánsdóttir

From: Samráðsgátt <noreply@island.is>
Sent: mánudagur, 22. janúar 2024 10:16
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Boð um þátttöku í samráði: Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Ágæti viðtakandi.

Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 3/2024 - „Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu“. Með þessum tölvupósti er þér/ykkur sérstaklega boðið að taka þátt.

Umsagnarfrestur er til og með 14.02.2024. Smelltu hér til að skoða málið nánar/sendu inn umsögn.

Boð um umsögn er sent til hagsmunaaðila en öllum er frjálst að taka þátt í samráðinu.

Niðurstöður samráðsins verða birtar í gáttinni þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Virðingarfyllt.

Matvælaráðuneytið/Samradsgatt.is

Hulda Kristjánsdóttir

From: Innviðaráðuneyti <irn@irn.is>
Sent: þriðjudagur, 9. janúar 2024 15:37
Subject: Til allra sveitarstjórna: Vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur
Attachments: Til allra sveitarstjórna.pdf

Góðan dag

Hjálagt er bréf ráðherra til allra sveitarstjórna varðandi ofangreint.

F.h. innviðaráðherra.



Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Til allra sveitarstjórna

Dagsetning **9. janúar 2024**
Málsnúmer **IRN24010019**

Eins og kunnugt er hefur verið unnið að heildarendurskoðun á lagaumgjörð og úthlutunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Byggir sú vinna ekki síst á þingsályktun nr. 21/150 um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Markmið endurskoðunarinnar er að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og tryggja að sjóðurinn fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar. Starfshópar skipaðir fulltrúum ríkis og sveitarfélaga hafa unnið tillögur í samræmi við framangreind markmið og náið samráð hefur farið fram um efni og inntak þessar tímabæru heildarendurskoðunar.

Á grundvelli þessa góða starfs lagði ég fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og mælti fyrir því þann 14. nóvember síðastliðinn. Byggði það að mestu leyti á niðurstöðum þessarar vinnu og þeim tillögum sem starfshópur, sem ég skipaði í ársbyrjun 2023, lagði til. Meginfrávikin voru þau að frumvarpið kveður ekki á um að sveitarfélög sem ekki fullnýta útsvarið fái skert framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem útsvarslækkun nemur. Þó svo að það sé mikið sanngirnismál að slík regla sé til staðar var það mitt mat að það myndi greiða fyrir framlagningu málsins og umfjöllun þess á Alþingi að þessi tillaga væri ekki hluti af frumvarpinu. Það væri síðan í höndum Alþingis að ákveða frekar í þeim efnum, m.a. með umsagnir sveitarfélaga til hliðsjónar.

Þann 20. desember síðastliðinn kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í máli Reykjavíkurborgar á hendur Íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Með dómnum var ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs gert að greiða Reykjavíkurborg 3.370.162.909 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum. Í stuttu máli taldi Héraðsdómur að gamalt reglugerðarákvæði, sem mælti fyrir um að Reykjavíkurborg fengi ekki úthlutað framlögum úr Jöfnunarsjóði vegna reksturs grunnskóla og vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál, uppfyllti ekki lagaáskilnaðarkröfu 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum. Af þeim sökum ætti Reykjavíkurborg rétt á skaðabótum.


Niðurstaða dómsins felur í sér að Reykjavíkurborg fær úthlutað umtalsverðum fjármunum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna reksturs grunnskóla fyrir árin 2015-2019 sem er í andstöðu við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1996 um flutning verkefna grunnskólans. Rétt er að minna á að með umræddu samkomulagi samþykktu öll sveitarfélög hvernig því fjármagni sem færðist frá ríkinu til sveitarfélaga vegna verkefnaflutningsins yrði skipt á milli sveitarfélaganna. Var samkomulagið unnið í góðri trú og með vitneskju allra aðila eins og kemur fram í dómnum. Ljóst er að dómurinn byggir fyrst og fremst á þeirri forsendu að samkomulagið hafi ekki verið fært í lög með réttum hætti á sínum tíma og mun niðurstaðan, standi hún óbreytt, verða til þess að lækka þurfi framlög til allra sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði næstu árin til að jafna stöðu sjóðsins eins og var gert í kjölfar hæstaréttardóms nr. 34/2018. Með vöxtum og dráttarvöxtum má ætla að fjárhæðin geti numið um 5,5 ma. kr.


Þessi niðurstaða veldur mér miklum vonbrigðum og tel ég mikilvægt að sem fyrst verði aflétt óvissu um starfsemi Jöfnunarsjóðs og fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga auk þess sem miklir


fjárhagslegir hagsmunir eru undir í málinu. Því hef ég að höfðu samráði við ríkislögmann ákveðið að óska eftir því að málinu verði áfrýjað.


Í þessu ljósi mun ég ekki beita mér fyrir því að frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga verði afgreitt frá Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi, heldur verði beðið með slíka heildarendurskoðun þar til óvissunni hefur verið eytt. Ég mun hins vegar gaumgæfa öll tilefni til breytinga á núverandi regluverki sem miða að því að styrkja skilvirka og markvissa framkvæmd úthlutunar í samræmi við lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þetta vildi ég upplýsa sveitarstjórnir landsins um.

A handwritten signature in black ink, which appears to be 'Ari Þorgeirsson'.

 **RAFÆNT UNDIRRITAD**
Fjóra Steindóra Kristínsdóttir
Kt. 2702725849
Dags. 19.9.2023 11:41:30
Ástæða: Undirritun

 **RAFÆNT UNDIRRITAD**
Anton Kárl Halldórsson
Kt. 0305833539
Dags. 19.9.2023 11:45:01
Ástæða: Undirritun

 **RAFÆNT UNDIRRITAD**
Ása Valdís Árnadóttir
Kt. 3004825119
Dags. 19.9.2023 12:05:20
Ástæða: Undirritun

Arnardrangur hses.

Ársreikningur 2022

Arnardrangur hses.
kt. 501122-0330
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 9

Arnardrangur hses.
kt. 501122-0330
Austurvegi 2, 800 Selfoss

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Arnardrangur hses. er húsnæðissjálfs eignarsstofnun. Megintilgangur er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra félagsíbúða fyrir fatlaða.

Starfsemin á árinu

Félagið gerði samning í nóvember 2022 við Mineral ehf um byggingu á "Nautahaga 2 - Íbúðakjarna". Samningsupphæð nemur 225 m.kr og hófust framkvæmdir í lok árs 2022. Enginn starfsmaður var á launaskrá á árinu 2022.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstramiðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Eignaraðild sveitarfélaga

Sveitarfélagið Árborg	42,4%
Hveragerðisbær	11,3%
Sveitarfélagið Ölfus	9,6%
Rangárþing eystra	7,8%
Rangárþing ytra	7,1%
Bláskógabyggð	4,6%
Hrunamannahreppur	3,3%
Mýrdalshreppur	3,1%
Flóahreppur	2,8%
Skaftárhreppur	2,5%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2,4%
Grímsnes- og Grafningshreppur	2,0%
Ásahreppur	1,1%

Stofnframlag ríkisins mun nema 18% af stofnverði íbúðanna. Í lok árs hefur ríkissjóður greitt til félagsins í formi stofnfjár rúmar 18,3 m.kr.

Stjórn Arnardrangs hses. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með áritun sinni.

Selfossi, 18. september 2023

Stjórn:

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar og hluthafa Arnardrangs hses.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Arnardrangs hses. fyrir árið 2022 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Selfossi, 18. september 2023

PricewaterhouseCoopers ehf

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3	
Vaxtatekjur		634
Vaxtagjöld		<u>(139)</u>
		495
Hagnaður ársins		<u><u>495</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022
Fastafjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign	4	14.422.148
Veltufjármunir		
Ógreitt stofnframlag		99.701
Handbært fé	5	<u>4.792.918</u>
		4.892.619
Eignir samtals		<u><u>19.314.767</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2022
Eigið fé	6	
Stofnfé		19.314.272
Óráðstafað eigið fé		495
		<u>19.314.767</u>
 Eigið fé og skuldir samtals		 <u><u>19.314.767</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Hagnaður ársins		495
Handbært fé frá rekstri		495
Fjárfestingahreyfingar		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(14.422.148)
Fjármögnunarhreyfingar		
Innborgað stofnfé		19.214.571
Hækkun á handbæru fé		4.792.918
Handbært fé í ársbyrjun		0
Handbært fé í árslok		<u>4.792.918</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Arnardrangur hses. er húsnæðissjálfs eignarstofnun og starfar á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og laga um sjálfs eignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999.

Arnardrangur hses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfoss.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir í byggingu
Framkvæmdir ársins	14.422.148
Bókfært verð í árslok	14.422.148
Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	14.422.148
Afskrifað samtals	0
Bókfært verð í árslok	14.422.148

Félagið gerði samning í nóvember 2022 við Mineral ehf um byggingu á "Nautahaga 2 - Íbúðakjarna". Framkvæmdir á árinu námu 14,4 m.kr.

5. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé sveitarfélaga	Stofnfé ríkissjóðs	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2022:				
Innborgað stofnfé	1.000.000	18.314.272		19.314.272
Hagnaður ársins			495	495
Staða í árslok	1.000.000	18.314.272	495	19.314.767

7. Tekjuskattur

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts.

8. Skammtímaskuldir

Skuldir eru færðar á nafnverði.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 10. janúar 2024

2304024SA VRH

Málalykill: 00.03

Efni: Boðun XXXIX. landsþings sambandsins

Samkvæmt 7. gr. samþykktá Sambands Íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXIX. landsþings sambandsins fimmtudaginn 14. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Silfurbergi í Hörpu og hefst það kl. 10:00 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu er áformað að halda aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir fulltrúar í sveitarstjórnnum seturétt. Að loknum aðalfundi lánasjóðsins býður sjóðurinn til móttöku. Til aðalfundar lánasjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktá sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 1. mars 2024.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valur Rafn Halldórsson

Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri þjónustusviðs

Hulda Kristjánsdóttir

From: Ingunn Jónsdóttir <ingunn@hfsu.is>
Sent: miðvikudagur, 24. janúar 2024 16:01
To: Sveitarstjóri Flóahrepps; Hulda Kristjánsdóttir; Árni Eiríksson
Subject: HfSu / boð á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands
Attachments: boðskort V&R 2024.png; dagskrá V&R 2024.png

Kæru vinir og velunnarar,
meðfylgjandi er boð á hátíðarfund Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands þann 15. febrúar kl.17 í sal FSu, þar sem veittir verða nýir rannsóknarstyrkir auk þess sem Menntaverðlaun Suðurlands verða afhent.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest,

Ingunn Jónsdóttir
Framkvæmdastjóri / CEO



Fjölheimum, Tryggvagötu 13
800 Selfossi
Tel. 560-2040 / 695-0420
www.hfsu.is
www.fjolheimar.is

HÁTTÍÐARFUNDUR



VÍSINDA OG
RANNSÓKNAR
SJÓÐUR
SUDURLANDS

ÁRLEGUR HÁTÍÐARFUNDUR VÍSINDA- OG
RANNSÓKNARSJÓDS SUDURLANDS FER FRAM PANN

15. FEBRÚAR 2024

FUNDURINN HEFST KL. 17.00 OG FER FRAM Í SAL
FJÖLBRAUTASKÓLA SUDURLANDS

ÞAD VÆRI OKKUR MIKIL ÁNÆGJA EF EIGENDUR
HÁSKÓLAFÉLAGSINS OG STYRKJARADILAR
SJÓDSINS GÆTU ÁTT FULLTRÚA Á FUNDINUM

Með von um að gjör ykkur sem best

INGUNN JÓNSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI HÁSKÓLAFÉLAGS SUDURLANDS

DAGSKRÁ FUNDARINS:

- TÓNLISTARTRIDI FRÁ TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA
- FUNDARSTJÓRI SETUR FUND
- FYRRVERANDI STYRKPEGI INGIBJÖRG LILJA ÓMARSDÓTTIR KYNNIR VERKEFNI SITT: SEIGLA SAMFÉLAGA Í KJÓLFAR EYJAFJALLAJÖKULGOSSINS 2010 – SÝN ÍBÚA Á FÉLAGSLEGAN STUÐNING Í BATAFERLI OG UPBYGGINGU
- SVEINN ADALSTEINSSON, FORMADUR DÓMNEFNDAR: STÖRF NEFDARINNAR OG NIDURSTÖÐUR
- HR. GUÐNI TH. JÓHANNESSON, FORSETI ÍSLANDS, AFHENDIR STYRKINN
- BRYNHILDUR JÓNSDÓTTIR ÚR STJÓRN SASS: MENNTAVERÐLAUN SUDURLANDS
- HR. GUÐNI TH. JÓHANNESSON, FORSETI ÍSLANDS, AFHENDIR MENNTAVERÐLAUN SUDURLANDS
- FUNDARSTJÓRI SLÍTUR FUNDI

AÐ FUNDI LOKNUM UM KL. 18.00 BÝÐUR SJÓÐURINN ÖLLUM GESTUM UPP Á LÉTTAR VEITINGAR Í KAFFITERÍU FJÖLBRAUTASKÓLANS.

Hlökkum til aðtón góðs gættur!

VÍSINDA OG
RANNSÓKNAR
SJÓÐUR
SUDURLANDS

Hulda Kristjánsdóttir

From: Stefán Bogi Sveinsson <stefanbogi@heraust.is>
Sent: fimmtudagur, 1. febrúar 2024 18:01
Subject: Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu
Attachments: MHR - Bréf til héraðsskjalasafna og sveitarfélaga 2024.pdf

Góðan dag,

Erindi þetta er sent á héraðsskjalasöfnin í landinu og sveitarfélögin sem að þeim standa.

Í viðhengi má finna bréf þar sem boðað er til stofnfundar Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Þar er að finna nánari upplýsingar um verkefnið.

Kær kveðja,

Stefán Bogi Sveinsson

Forstöðumaður / Héraðsskjalavörður

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Sími 471-1417

Efni: Kynningarbréf um móttöku rafrænna gagna á vegum héraðsskjalasafna og stofnun Miðstöðvar héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu

Með þessu bréfi viljum við kynna fyrir sveitarfélögum **Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu (MHR)**. Meginmarkmið með stofnun miðstöðvarinnar er að styðja við stafræna umbreytingu hjá sveitarfélögum ásamt því að byggja upp þekkingu á málaflokknum innan héraðsskjalasafna, finna hentugar lausnir á hýsingu og ekki síst að lækka kostnað við móttöku og langtímavörslu rafrænna og stafrænna gagna.

Héraðsskjalasöfnin hafa gert samning við NEA (Netværket Elektronisk Arkivering) sem er samstarfsverkefni 31 sveitarfélags í Danmörku um rafræna skjalavörslu. NEA skipuleggur fundi, námskeið og veitir ráðgjöf varðandi fjölmarga verkþætti, svo sem kortlagningu rafrænna gagnasafna og gagnakerfa, tilhögun afhendinga, langtímavörslu rafrænna gagna og uppsetningu á gagnageymslu rafrænna/stafrænna gagna. Af þessu má sjá að MHR er ekki eingöngu ætlað að taka á móti vörsluútgáfum og yfirfara þær heldur einnig og ekki síst að styðja sveitarfélögin við undirbúning stafrænnar umbreytingar.

Geta og möguleikar héraðsskjalasafna til að reka eigin móttökumiðstöðvar er afar misjöfn. Með því að taka þátt í rekstri MHR tryggja sveitarfélög sér grundvöll þess að hefja stafræna umbreytingu og veita héraðsskjalasöfnunum nauðsynlegan stuðning til að uppfylla lagaskyldur sínar um móttöku rafrænna gagna óháð stærð sveitarfélaga sem að baki þeim standa eða þekkingar innan héraðsskjalasafnanna. Héraðsskjalasöfnin hafa í sameiningu unnið að þessu verkefni frá haustmánuðum 2022. Á árinu 2023 tóku nokkur héraðsskjalasöfn á móti rafrænum afhendingum í samræmi við gildandi reglur þar um og geta þau afgreitt og veitt aðgengi að þessum rafrænu gögnum. Verkefnið er því komið á rekspöl en nauðsynlegt að stíga áfram næstu skref.

Það fylgir því óhjákvæmilega kostnaður að reka miðstöð sem þessa. Ráða þarf starfsmann með sérþekkingu á langtímavörslu rafrænna gagna, kaupa viðeigandi tæki og tól, tryggja aðstöðu og hýsingu. Einnig er nauðsynlegt að fara í vissa þróunarvinnu t.d. varðandi aðgengi að vörsluútgáfum og miðlun skráa um innihald þeirra. Það liggur þó í augum uppi að það er ódýrara að öll héraðsskjalasöfn sameinist um eina slíka miðstöð en að hvert og eitt héraðsskjalasafn komi sér upp slíkri miðstöð.

Kostnaði við grunnrekstur miðstöðvarinnar verður skipt niður á héraðsskjalasöfnin með tilliti til íbúafjölda sveitafélaganna sem þau reka. Þetta gefur héraðsskjalasöfnunum aðgang að viðeigandi eyðublöðum, aðstoð við kortlagningu gagnasafna, ráðgjöf varðandi skipulag gagna og aðgang að hugbúnaði til að afgreiða úr og halda utan um vörsluútgáfur. Aftur á móti þarf hver skjalamyndari fyrir sig (sveitarfélag, stofnun sveitarfélags eða aðrir aðilar sem ber að skila gögnum sínum á héraðsskjalasafn) að greiða fyrir þjónustu varðandi tilkynningar um gagnasöfn og afhendingu á vörsluútgáfum, enda er slíkt aðeins eðlilegur hluti af kostnaði við skjalavörslu hvers og eins skjalamyndara.

Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarfélögin til taka þátt í þessari vegferð með okkur og tryggja að öll héraðsskjalasöfn á landinu verði aðilar að hinni nýju miðstöð. Miðað við núverandi umhverfi og stöðu mála er ljóst að öll sveitarfélög munu innan fárra ára þurfa að bregðast við vaxandi umfangi stafrænna gagna. Ef söfn eða sveitarfélög ákveða að sitja hjá á þessu stigi er ljóst að kostnaðarhlutur annarra sveitarfélaga mun vaxa. Því er það réttlætismál að þau söfn og sveitarfélög sem ganga inn í verkefnið á seinni stigum greiði þá að auki sinn skerf í þróunarvinnunni, þ.e. þau greiði þá hlutfallslega meira fyrir aðild sína að MHR þegar þar að kemur.

Stýrihópur héraðsskjalavarða sem unnið hefur að verkefninu boðar nú til formlegs stofnfundar MHR. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 í Reykjavík, föstudaginn 9. febrúar kl. 13:00. Í drögum að samþykktum fyrir MHR er gert ráð fyrir því að eignaraðilar að miðstöðinni geti annars vegar orðið opinber skjalasöfn, eða í þeim tilfellum þar sem slík söfn eru ekki rekin á eigin kennitölu, sveitarfélög, stofnanir þeirra eða byggðasamlög sem reka opinbert skjalasafn, þá fyrir þess hönd. Á stofnfundinum er gert ráð fyrir að fulltrúar héraðsskjalasafna muni undirrita stofnaskjöl, með eða án fyrirvara um samþykki stjórnar eða yfirboðara hjá sveitarfélögunum sem að þeim standa. Einnig er gert ráð fyrir því að söfnum sem ekki gerast stofnaðilar á fundinum gefist ráðrúm til að verða stofnaðilar með því að staðfesta aðild sína innan tiltekins frests (tveir mánuðir). Við leggjum áherslu á að allra hluta vegna er æskilegt að söfn verði aðilar að miðstöðinni frá byrjun. Gera verður ráð fyrir því að ef söfn vilja ganga til liðs við MHR síðar muni því fylgja viðbótarkostnaður fyrir viðkomandi söfn, líkt og nefnt er hér að framan.

Ef áhugi er fyrir því að senda fulltrúa á stofnfundinn, eða ef nánari upplýsinga er óskað má hafa samband við neðangreinda héraðsskjalaverði.

Sólborg Una Pálsdóttir – Héraðsskjalasafn Skagfirðinga – solborg@skagafjorður.is

Þorsteinn Tryggvi Másson – Héraðsskjalasafn Árnesinga – thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Stefán Bogi Sveinsson – Héraðsskjalasafn Austfirðinga – stefanbogi@heraust.is

Erla Dís Sigurjónsdóttir – Héraðsskjalasafn Akraness – erlads@akranes.is

**Foreldrafélag Flóaskóla**

Skrifstofa Flóaskóla

Villingaholti

803 Selfoss

Erindi frá foreldrafélagi Flóaskóla um slæmt ástand malarvega í hreppnum vegna skólaaksturs

Vegagerðin hefur móttengið erindi ykkar dags 31. október sl. Beðist er velvirðingar á síðbúnum svörum.

Fulltrúar Vegagerðarinnar fóru í vettvangsferð um vegina sem nefndir eru í erindinu skömmu eftir að það barst.

Ekki var hægt að sjá að ástand vega væri verra en reikna má með varðandi malarvegi almennt. Þeir eru þess eðlis að á þeim myndast holur og fylgir jafnframt ryk í þurrkatíð.

Þess má geta að unnið er að því smátt og smátt að setja bundið slitlag á tengivegi í samræmi við tengivegaáætlun. Nokkrir vegir í Flóahreppi hafa verið inni á þeirri áætlun á síðustu árum s.s. Hamarsvegur í sitthvorn enda og Urriðafossvegur.

Þess má að lokum geta að á árinu 2027 er ráðgert að taka leggja bundið slitlag á hluta Önundarholtsvegur.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Svanur G Bjarnason

Undirskrift

Svoursvæði

Vegagerðin
Brelðamýri 2
800 Selfoss
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 30. janúar 2024

1503002LA ÓG
Málalykill:711

Efni: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga hefur skipað kjörnefnd til undirbúnings kjörs stjórnar og varastjórnar á aðalfundi sjóðsins. Kjörnefnd skipa Magnús B. Jónsson, formaður, Rósa Guðbjartsdóttir og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir. Áformað er að halda aðalfund félagsins þann 14. mars næstkomandi í Hörpu í Reykjavík. Kjörnefnd mun taka við og fara yfir framboð til stjórnar og varastjórnar og gera tillögu til aðalfundar.


Um framboð og kjör til stjórnar gilda hlutafélagalög nr. 2/1995, og lög um fjármálafyrirtæki 161/2002. Jafnframt er farið að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (www.leidbeiningar.is) að eins miklu leyti og unnt er.

Kjörnefnd óskar eftir að tilnefningar og/eða framboð sé send í síðasta lagi á kl 12:00 á hádegi miðvikudaginn 21. febrúar nk. til Magnúsar B. Jónssonar formanns nefndarinnar, mbjorn@simnet.is. Framboðum þurfa að fylgja upplýsingar svo kjörnefnd geti tekið afstöðu til þekkingar, reynslu og almenns hæfis framboðenda.

Upplýsingar um tillögur kjörnefndar verða birtar á heimasíðu Lánasjóðsins um leið og unnt er, í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund á slóðinni www.lanasjodur.is/kjornefnd-2024.

Kjörnefnd óskar eftir að sveitarstjórnarmönnum sé kynnt innihald bréfs þessa eins fljótt og unnt er til að áhugasömum gefist tími til að skila inn tilnefningum og/eða framboðum.

Virðingarfyllst fh. kjörnefndar
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA


Óttar Guðjónsson

Hulda Kristjánsdóttir

From: Landsvirkjun <landsvirkjun@landsvirkjun.is>
Sent: mánudagur, 29. janúar 2024 08:44
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Ársfundur Landsvirkjunar

[View this email in your browser](#)



Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar 2024

Ársfundurinn okkar verður haldinn þriðjudaginn 5. mars kl.14 í Hörpu.

Dagskrá verður auglýst síðar.



Hulda Kristjánsdóttir

From: Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>
Sent: föstudagur, 2. febrúar 2024 14:33
To: valtyr@asahreppur.is; Sveitarstóri RY; Ásta Stefánsdóttir; Anton Kári Halldórsson; Hulda Kristjánsdóttir; Einar Kristján Jónsson; Sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps; 'Haraldur Þór Jónsson'; 'Aldís Hafsteinsdóttir'; Elliði Vignisson; Geir Sveinsson; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Einar Freyr
Cc: Rósa Sif Jónsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir; Helga Kristjánsdóttir
Subject: Bókun stjórnar SASS vegna heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands ...
Attachments: Ályktun SASS heimavist FSu 02 09 2019.pdf

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Hér að neðan má sjá bókun stjórnar SASS tengt heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Megið endilega deila sem víðast og taka upp í sveitarstjórnnum í von um að bókað verði um málið en hér er á ferðinni mikið hagsmunamál fyrir nemendum við FSu og sunnlenskt samfélag.

Stjórn SASS skorar á mennta- og barnamálaráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að óvissu vegna heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands verði eytt hið allra fyrsta. Samkvæmt upplýsingum frá skólastjórnendum þá rennur samningur um núverandi húsnæði heimavistarinnar út á vordögum 2024 og engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum sem þess þurfa húsnæðisúrræði fyrir næsta skólaár.

Það markaði tímamót þegar samningar náðust um rekstur heimavistarinnar á haustdögum 2020 eftir nokkurra ára tímabil þar sem engin húsnæðisúrræði voru til staðar. Nýtingin á heimavistinni hefur verið mjög góð og það sætir því furðu að ríkið skuli ekki ganga frá samningum um áframhaldandi rekstur hennar þegar fyrir liggur að tilboð barst frá núverandi rekstraraðila.

Heimavist við skólann er lykilatriði í því að tryggja jafnrétti til náms á starfssvæði skólans og því með öllu óviðunandi að ríkið skuli bjóða ungmennum og fjölskyldum þeirra upp á þá óvissu sem nú er uppi. Framkvæmdastjóra og stýrihópi er falið að fylgja erindinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

Bkv.,

Bjarni

P.s. Læt til uppl. fylgja með ályktun um heimavist við FSu frá 2. september 2019 en með samhentun átaki sveitarfélaganna sem standa að skólanum og eftirfylgni starfshópsins sem vann að málinu tókst að koma málinu í farveg. Nú þurfum við aftur á samhentun átaki ykkar allra að halda.

BG



Ályktun um heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands


2. september 2019


Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málinu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Greinargerð:

Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbrautaskóla Suðurlands hætt. Ungmenni af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningssamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hratt og örugglega við að koma upp heimavist við skólann.


F.h. Ásahrepps


F.h. Rangárbings ytra



F.h. Bláskógabyggðar


F.h. Rangárbings eystra


F.h. Flóahrepps


F.h. Skafthrepps



F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps


F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps


F.h. Hrunamannahrepps


F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss


F.h. Hveragerðisbæjar


F.h. Sveitarfélagsins Arborgar


F.h. Mýrdalshrepps

Hulda Kristjánsdóttir

From: Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>
Sent: miðvikudagur, 31. janúar 2024 21:46
Subject: Til umsagnar 629. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

31. janúar 2024

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Velferðarnefnd Alþingis sendir þér til umsagnar 629. mál Barnaverndarlög (endurgreiðslur)

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 14. febrúar nk.** á netfangið nefnasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Halldóra Viðarsdóttir
Sérfræðingur
Stoðteymi
Nefnda- og greiningarsvið
☎ 563 0500



GRÆN SKREF

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
[Fyrirvari/Disclaimer](#)*

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
[Fyrirvari/Disclaimer](#)*

Hulda Kristjánsdóttir

From: Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 1. febrúar 2024 13:56
Subject: Til umsagnar 521. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

1. febrúar 2024
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu)

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist **eigi síðar en 15. febrúar nk.** á netfangið nefnadasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni <https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,



Halldóra Viðarsdóttir
Sérfræðingur
Stoðteymi
Nefnda- og greiningarsvið
☎563 0500



GRÆN SKREF

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer